

SPURNING DAGSINS



Koma þessar vinsældir ekkert aftan að þér?

Ég botna ekkert í þeim!

Myndlistarkonan Jóhanna Bára Þórisdóttir opnaði sýninguna Rassar í sveit, þar sem hún sýnir myndir af dýrarössum, en þær hafa slegið í gegn hjá erlendum ferðamönnum.

Með sama áframhaldi fá konur sömu laun og karlar árið 2035 og vinna launalaust í einn mánuð á ári: Konurnar í VR unnu launalaust í janúar

KJARAMÁL Konur í VR fá greidd laun fyrir ellefu mánuði á ári á móti tólf mánuðum karla. Þannig unnu þær í raun „launalaust“ í janúar síðastliðnum. Þetta kemur fram í grein Ólafíu B. Rafnsdóttur, formanns VR, frá því í gær.

Karlar og konur innan VR fá ekki sömu laun fyrir sömu vinnu – samkvæmt launakönnun VR eru konur með 8,5 prósentum lægri laun en karlar. Þetta er sá munur sem er á launum kynjanna þegar búið er að taka tillit til starfs,

vinnutíma, menntunar, starfsaldurs og allra annarra þátta sem hafa áhrif á launin.

Þessi kynbundni launamunur þýðir að konur fengu í raun fyrst greidd laun á þessu ári í febrúar – og þá er ég að tala um sömu laun og karlar fá fyrir sambærileg störf.

Í greininni segir að VR hafi barist fyrir jafnrétti kynjanna árum saman og ákveðinn árangur hafi náðst. Þannig var kynbundinn launamunur í VR 15,3 prósent

árið 2000 og það ár unnu konur launalaust í 56 daga eða tæpa tvo mánuði áður en þær fengu sömu laun og karlar. Eins og staðan er núna vinna konur í VR launalaust í heilan mánuð á ári – og með sama áframhaldi fá þær loksins sömu laun og karlar árið 2035.

Ólafía segir þessa stöðu óásættanlega, ekki verði beðið í 20 ár eftir launajafnrétti innan VR. „Við höldum áfram að berjast og nýtum okkur allar tiltækar leiðir,“ segir í grein Ólafíu.



JAFNRÉTTI Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, vonast til að árið 2015 verði ár til þess að koma hreyfingu á jafnréttisbaráttuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



MOKAÐ Það mátti varla á milli sjá hvert þeirra væri vanast með skófluna, Kristín Ingólfssdóttir, Vigdís Finnbogadóttir eða Illugi Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Byrjað að byggja húsnaði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur: Tóku fyrstu skóflustunguna

MENNING Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra, Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, tóku í gær fyrstu skóflustunguna að nýbyggingu fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Stofnunin tilheyrir Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Byggingin mun rísa á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu, næst gömlu Loftskeytastöðinni, og á að verða tilbúin í október 2016.

- jhh

Pyrla LHG sótti hinn slasaða: Vélsleðaslys við Hlöðufell

BJÖRGUN Vélsleðamaður ók fram af hengju við Hlöðufell síðdegis í gær og slasaðist. Ferðafélagar hans fluttu hann í skála þar til pyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LIF, sótti hann og var hann fluttur á Landspítala Háskólasjúkrahús í Fossvogi.

Björgunarsveitir úr Árnes-sýslu og af höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar út á slysstað, samkvæmt tilkynningu frá Landsbjörg. Með í för voru sjúkráflutningamenn frá Selfossi. Þungt færi var á slysstað og nánast eingöngu fært snjóbilum og vélsleðum.

- skó, fbj

Erill í miðbæ vegna ölvunar: Sló konu og gisti fangaklefa

LÖGREGLUMÁL Karlmaður var handtekinn við skemmtistað í Hafnarfirði og var sagður hafa slegið konu. Maðurinn gisti fangageymslur um nóttina.

Skömmu fyrir fimm í nótt fékk lögreglan tilkynningu um mann á gangi á Laugavegi, með höfuðkúpugrímu og hníf í hendi. Þegar lögregluþjónnar komu á vettvang var maðurinn ekki með hníf en í fórum hans fannst lítillæði af fíkniefnum.

Nokkur erill var í miðborg Reykjavíkur um helgina vegna ölvunar samkvæmt dagbók lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

- skó, fbj

Fjórtán hrefnum landað framhjá vigt

Á síðasta hrefnuveiðitímabili var meirihluta landaðs afla ekki landað á vigt eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Stjórnvöld virðast því ekki hafa neina vitneskju um hve mikið hrefnukjöt hafi komið í land. Útgerð fékk áminningu frá Fiskistofu.

SIJÁVARÚTVEGUR Fjórtán hrefnum var landað framhjá vigt á síðasta veiðitímabili. IP útgerð ehf. var eina fyrirtækið sem hafði veiðileyfi á hrefnu í fyrra og landaði 24 hrefnum á land. „Ef afli er ekki vigtaður þá hafa stjórnvöld ekki upplýsingar um það magn sem kemur að landi,“ segir Eypór Björnsson fiskistofustjóri.

Veidum á hrefnu er þannig hátt að að kjöti og spiki er landað, en beinagrind og öðru sem ekki er nýtt af dýrinu er fleygt aftur í hafið. Því hafa stjórnvöld enga vitneskju um hversu mörg kíló koma inn til vinnslu hjá útgerðinni ef afli er ekki vigtaður. Eypór fiskistofustjóri segir að samkvæmt reglugerð þurfi allur landaður afli að fara á hafnarvog svo hægt sé að fylgjast með að einhverju marki.

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra segir einnig í svari sínu við fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur að í hrefnuveiðum skuli landaður afli vigtaður í samræmi við reglugerð, um vigtun og skráningu sjávarafila.

Þessu hafnar Gunnar og segir að stjórnvöld hafi mjög glögg mynd af meðalþyngd dýrs eftir tilraunaveiðar á hrefnu. „Ef tilgangur með vigtun er að finna út meðaltalsnýtingu á hrefnu þá hefur þeim markmiðum þegar verið náð,“ segir Gunnar.

Á síðasta hrefnuveiðitímabili var uppi ágreiningur um það hvort hrefnu ætti að landa á vigt eða hvort nægilegt væri að senda Fiskistofu upplýsingar um fjölda veiddra dýra. Gunnar Bergmann, framkvæmdastjóri IP útgerð-



HREFNUVEIÐI Af tæplega 240 dýrum sem veiða mátti á síðasta tímabili komu aðeins 24 dýr að landi. Fjórtán dýr voru ekki vigtuð við löndun.



EYPÓR BJÖRNSSON



GUNNAR BERGMANN

ar, segir veiðarnar frábrugðnar veiðum á fiski. „Kvótastýringin á þessum veiðum fer eftir fjölda dýra en ekki fjölda kílóa eins og í þorski eða ýsu og öðrum stofnum. Þess vegna fannst okkur óþarft að keyra með landaðan afla á hafnarvog með tilheyrandi kostnaði,“

segir Gunnar. „Um leið og við veiðum dýr sendum við Fiskistofu tilkynningu og það gerum við rafrænt um borð um leið og dýr hefur verið veitt.“

„Fiskistofa fékk tilkynningu frá Hafnarfjarðarhöfn síðasta sumar um að afli væri að fara framhjá vigt. Í þessu tilviki var hrefnuveiðibátur ekki að fara eftir reglum. Það fór síðan í ferli hjá okkur sem endaði með áminningu. Ítrekunaráhrif áminningar eru tvö ár og ef sami aðili brýtur aftur af sér innan þess tíma á hann yfir höfði sér veiðileyfarsviptingu,“ segir Eypór Björnsson fiskistofustjóri.

sveinn@frettabladid.is

HEILSUBORG

- Þín brú til betri heilsu

Viltu lifa betra lífi?

Heilsuborgarskólinn verður með kynningarfund mánudaginn 9. mars kl. 20:00.

– Ertu ekki að hreyfa þig reglulega?

– Eru kílóin að hlaðast á?

– Er svefninn í ólagi?

– Ertu með verki?

– Er sálin í ójafnvægi?

– Þarftu að laga mataræðið?

– Langar þig að gera eitthvað í málunum?

www.heilsuborga.is

Heilsubora ehf. • Faxafeni 14 • 108 Revkjavík • Sími 560 1010

Afar slæmt veður á Holtavörðuheidi í gær og snjómokstursbíll sat fastur: 200 strandaglópar í Staðarskála

VEÐUR Um 200 manns sátu fastir í Staðarskála í Hrutafirði í gærkvöldi. Þegar Fréttablaðið fór í prentun var óvíst hvort einhverjir kæmust til síns heima fyrir nóttina. Tugir manna hugðust gista á Reykjum. Snjómokstursbíll sat fastur á heiðinni og var það forgangsverkefni að losa bílinn og koma þeim vegfarendum niður af heiðinni sem sátu fastir.

„Þetta er bara þreifandi hríð og kolvitlaust veður,“ sagði Guðmundur Sigurðsson, verkstjóri hjá Vegagerðinni á Hvammstanga, í samtali við Vísi í gær. Það er Vegagerðin á Hvammstanga sem hefur umsjón með mokstri á Holtavörðuheidi.

Búið er við rólegra og úrkomuminna veðri í dag. Horfur eru á suðaustan stormi eftir hádegi á morgun með snjókomu, slyddu eða rigningu. Gert er ráð fyrir að út vikuna verði öflugar lægðir með hvössu og úrkomusömu veðri.

Blaðamaður Fréttablaðsins, sem var í Staðarskála, sagði að veðrið þar væri hræðilegt og óvíst hvað fólk myndi taka til bragðs. Einhverj-



STAÐARSKÁLI Um 200 manns voru strandaglópar í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GYÐA LÓA

ir íhuguðu að fara yfir Laxárdalsheiði. Til stóð að Staðarskáli yrði opinn eitthvað fram eftir nóttu og svo reynt að redda gistingu fyrir þá sem treystu sér ekki yfir Laxárdalsheiðina.

- jhh

VA!

PÝSK GÆÐI FRÁ OPEL!

Opel Corsa

Verð frá: **2.490.000 kr.**

Útborgun frá aðeins: **249.000 kr.**

Hægt er að velja um fjölbreytt úrval af aukabúnaði.



Ný Corsa

Heitasti bíllinn í bænum

Það er komin ný Corsa og hún er heit. Hún fæst vel græjuð, jafnvel fyrir köldustu mánuði ársins. Þú nýtur þess að sitja í upphituðum sætum og halda utan um upphitað stýrið. En hitinn er bara einn kosturinn við Corsa – þú getur fengið þá miklu fleiri. Kynntu þér Corsa á opel.is.

Bílabúð Benna

Sérfræðingar í bílum

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.



Lykill

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af láns hæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyld er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

SVONA ERUM VIÐ



10% af öllum myndum, sem teknar hafa verið, voru teknar á síðustu 12 mánuðum.

Segist ekki hafa vitað að upplýsingar um samskipti sín við Gísla Frey hefðu ekki fylgt málsgögnum:

Ætla aldrei að ræða lekamálið við Stöð 2

LÖGREGLUMÁL Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið eða fréttastofu Stöðvar 2 um aðkomu sína að svokölluðu lekamáli. Hún sagðist raunar ekki á neinum tímapunkti ætla að tjá sig við fréttastofu Stöðvar 2 um þessi mál.

Sigríður Björk sagði þó í viðtali við Björn Inga Hrafnsson í sjónvarpsþættinum Eyjunni að hún væri ekki á flotta undan fjölmiðlum.

Persónuvernd komst að þeirri

niðurstöðu í síðustu viku að Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, hefði brotið lög um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga með samskiptum sínum við Gísla Frey Valdórsson, fyrrverandi aðstoðarmann innanríkisráðherra. Starfaði hún þá sem lögreglustjóri á Suðurnesjum.

Heimildir fréttastofu Stöðvar 2 herma að mikillar óánægju gæti innan lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu með að Sigríður hafi ekki

upplýst lögregluna um þessi samskipti meðan rannsókn lekamálsins var í gangi.

Sigríður sagði við Eyjuna að hún hefði ekki vitað af því að upplýsingar um samskipti hennar við Gísla Frey hefðu ekki fylgt málsgögnum til ríkissaksóknara. Það væri þó sennilega vegna þess að rannsóknin sneri að því að upplýsa hvernig minnisblaðið lak úr ráðuneytinu en samskipti hennar og Gísla áttu sér stað um sólarhring eftir lekann.



Á LEIÐ ÚR VIÐTALI Sigríður Björk hafnar því að Persónuvernd hafi komist að þeirri niðurstöðu að hún hafi brotið lög. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Í FANGAKLEFA Dadayev er sagður hafa viðurkennt aðild að áráðinni. NORDICPHOTOS/AFP

Grunaðir menn frá Tjetjeníu:

Tveir grunaðir um morðið

RÚSSLAND Tveir menn eru grunaðir um morðið á Boris Nemtsov, rússneskum stjórnarandstæðingi. Hann var myrtur í síðustu viku. BBC segir að annar manna, Zaur Dadayev, hafi viðurkennt aðild að skotárásinni á brú í Kreml þann 27. febrúar síðastliðinn.

Dadayev og hinn maðurinn, Anzor Gubashev, eru báðir af tsjetsjenskum uppruna. Að öðru leyti er lítið vitað um þá. Mikil öryggisgæsla var þegar þeir voru færðir fyrir dómara í gær. Þrír aðrir menn hafa verið í varðhaldi í dag vegna rannsóknar málsins.

- jhh

Vekja ungt fólk til vitundar:

Vika fjármála-læsis hafin

SAMFÉLAGSMÁL Í dag hefst alþjóðleg fjármálalæsisvika með því að Máni Mar Steinbjörnsson hringir bjöllunni í Kauphöllinni að morgni dags. Vikan er til þess ætluð að vekja börn og ungmenni til vitundar um fjármál.

Í vikunni verður fjöldinn allur af fjölbreyttum viðburðum og er þetta í annað sinn sem hátíðin er haldin á Íslandi en alls taka um eitt hundrað þjóðir þátt í vikunni.

Alþjóðlega fjármálalæsisvikan er haldin að frumkvæði samtakanna Child and Youth Finance International.

- sa

Fékk aftur traust á lögreglu

Ákæru gegn Gunnari Scheving Thorsteinssyni lögreglumanni var breytt áður en til aðalmeðferðar kom. Gunnar segir að LÖKE-málið hafi breytt lífi sínu. Hann er óákveðinn í því hvort hann fer aftur til starfa hjá lögreglu.

Jón Hákon Halldórsson

jonhakon@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL „Þegar ég var í fangaklefa í Grindavík lá ég og vissi að líf mitt eins og ég þekkti það var búið. Að það sé hægt að fara svo óvarlega með opinbert vald er eitthvað sem ég hefði aldrei leyft mér sem lögreglumaður. Frelssvipting og svipting mannorðs er eitthvað sem þú getur aldrei farið of varlega með,“ segir Gunnar Scheving Thorsteinsson.

Hann var ákærður fyrir að hafa flett nöfnum yfir 40 kvenna upp í upplýsingakerfi lögreglunnar, svokölluðu LÖKE-kerfi. Einnig var hann grunaður um að hafa deilt upplýsingum til þriðja aðila um einstakling sem sætti lögreglu-rannsókn. Á rannsóknarstigi gisti hann fangageymslu yfir eina nótt. Síðasta fimmtudag tilkynnti Ríkissaksóknari svo að fallið yrði frá þeim þætti ákærunnar sem snýr að því að hafa flett upp nöfnum kvennanna. Gunnar segist síðan hafa fengið upplýsingar um það við aðalmeðferð málsins á föstudag að ekki yrði krafist refsingar yfir honum vegna þess ákæru-liðar sem eftir stendur.

Gunnar Scheving segist telja að á rannsóknarstigi hafi málið ekki einungis snúist um það að hafa flett konunum upp í kerfinu. „Heldur er það það sem situr eftir eftir ónýta rannsókn, þar sem ég var grunaður um miklu alvarlegri hluti,“ segir Gunnar. Hann var upphaflega ásakaður um það að hafa nálgast upplýsingar um konurnar og deilt þeim opinberlega með vinum sínum. Gunnar bendir á að þær ásakanir gegn sér hafi birst í fjölmiðlum löngu áður en gefin var út ákæra. Gardar St. Ólafsson, verjandi Gunnars, segir að sá grunur að Gunnar hafi flett nöfnunum upp í Löke hafi ekki komið úr tölvukerfinu sjálfu, heldur



HUGSI Gunnar Scheving Thorsteinsson hefur ekki ákveðið hvort hann fer aftur til starfa í lögreglunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ur annars staðar frá. Gunnar hafi einfaldlega ekki flett upp nöfnum þessara kvenna.

Gunnar segist hafa misst tiltrú á lögreglu og ákæruvaldinu fyrst eftir að málið kom upp, en það álit hafi áunnist aftur eftir atburði liðinnar viku. „En hvort ég vil starfa áfram í lögreglunni, þá er það eitthvað sem ég get ekki svarað strax. Ég hef helgað líf mitt því að starfa sem lögreglumaður og ég hef starfað í tíu ár í lögreglunni. Þetta var framtíðarstarfið mitt og ég hef mikinn metnað fyrir þessu starfi. En að það sé hægt að svipta fótunum svona undan mér út af fólkskum ástæðum, ég er ekki viss um að

ég vilji aftur vera í þeirri stöðu,“ segir hann.


Hann segist þó hvorki bera hatur eða illvilja til neins. Hvorki lögreglu, ákæruvaldsins eða annarra sem tengjast einkalífi hans. „En ég þarf að rétta hlut minn sjáanlega. Það sem skiptir mig miklu máli er að geta horft á sjálfan mig í spegli,“ segir hann. Hann muni því sækja rétt sinn, hvort sem það verði með því að krefjast refsingar yfir þeim sem brutu gegn honum eða sækja þær bætur sem hann eigi rétt á eða berjast fyrir starfi sínu. „Því ég ætla út í lögregluna á mínum forsendum ef ég ætla út í lögregluna yfirhöfuð,“ segir Gunnar.

„Þegar ég var í fangaklefa í Grindavík lá ég og vissi að líf mitt eins og ég þekkti það var búið.“

„Ég hef helgað líf mitt því að starfa sem lögreglumaður og ég hef starfað í tíu ár í lögreglunni.“

Gunnar Scheving Thorsteinsson, lögreglumaður.

Veðurspá



STORMUR gengur enn og aftur yfir landið á morgun. Síðdegis má búast við stormi sunnan- og vestanlands með snjókomu í fyrstu en síðan slyddu eða rigningu. Annað kvöld verður stormurinn yfir landinu austanverðu.

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 19°	Friedrichshafen 13°	New York 7°
Alpena 11°	Gautaborg 7°	Orlando 27°
Basel 12°	Kaupmannahöfn 7°	Ósló 8°
Berlín 11°	Las Palmas 21°	París 14°
Billund 9°	London 13°	San Francisco 18°
Frankfurt 15°	Mallorca 18°	Stokkhólmur 8°

Á MORGUN
Vaxandi vindur, stormur gengur til norð-austurs yfir landið.

MIÐVIKUDAGUR
Strekkingur allra vestast annars hægari.

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

**GRØN
BALANCE**


Hafðu það grænt
og njóttu lífsins

Grøn Balance
fæst í Krónunni

KRÖNAN

Það hefur aldrei verið **auðveldara** að telja fram

Frestur til staðfestingar er til **20. mars**



Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **20. mars**.

Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 31. mars. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með þrenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum í gsm síma, rafrænum skilríkjum á korti og með veflykli RSK.

Ríkisskattstjóri mælir með að rafræn skilríki séu notuð við auðkenningu.

Símapjónusta í 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30-15:30.

Dagana 18. - 20. mars verður símapjónusta til kl. 18:00 og 30. og 31. mars verður þjónustan í boði til kl. 19:00.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir nýtt lag Blaz Roca og ClassB?
2. Hver er upphæðin sem OR fjárfestir fyrir í ár?
3. Í hvaða sæti hafnaði Hafðís Sigurðardóttir í langstökk á EM?

SVÖR
12 sæti

1. Warshaw Gettó Gaza. 2. 9 milljarðar. 3.

Strimillinn varð hlutskarpastur 250 hugmynda í keppninni um Gulleggið í ár:

Neytendur spara með appinu

SAMFÉLAGSMÁL Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, veitti Strimlinum fyrstu verðlaun í Gullegginu árið 2015. Markmið Strimilsins eru að opna upplýsingar um matvöruverð á Íslandi upp á gátt. Hlaut Strimillinn, auk Gulleggsins, eina milljón króna í verðlaunafé.

Strimillinn, sem hlaut Gulleggið, er hugsaður sem vernd fyrir neytendur. Neytandi tekur mynd af innkaupastrimli og sendir síðunni. Vöruverðið er lesið og skrásett og

öllum gert aðgengilegt. Neytandinn getur þannig fengið yfirlit yfir innkaup sín og ábendingar um sparnað.

Úrslit í frumkvöðlakeppninni Gull-egginu voru kynnt síðastliðinn laugardag. Keppninni í ár bárust um 250 hugmyndir og á bak við þær stóðu um 500 einstaklingar. Keppnin stóð yfir í tæpa tvo mánuði þar sem þátttakendur sóttu námskeið og fengu þjálfun í mótun viðskiptahugmynda.

Mekkano ehf. hlaut annað sætið og Crowbar Protein hlaut þriðja sætið.



SIGURVEGARAR Ragnheiður E. Árnadóttir viðskiptaráðherra afhenti Gull-eggið 2014.

Fyrirhuga stækkun hótels:

Skóða nýja hæð á Hótel Selfoss

FERÐAÞJÓNUSTA Eigendur Hótel Selfoss fyrirhuga að stækka hótelið um 28 herbergi með því að byggja nýja hæð. Verið er að velta upp möguleikum og munu endanlega ákvörðun tekin á næstu vikum. „Við erum svona að skoða þann möguleika að stækka hótelið. Hugmyndin er að hækka það og bæta þannig við nýrri hæð sem yrði þá svipuð þeim sem fyrir eru,“ segir Ragnar J. Bogason, framkvæmdastjóri Hótel Selfoss.

Ráðstefna IÐNMENNTAR 2015

Grand Hótel Reykjavík

Námsefni í verkgreinum

– stöðulýsing

– framtíðarsýn

13. mars kl. 13–16

Opnunarávarp:

Illugi Gunnarsson,

mennta- og menningarmálaráðherra
Staða stefnumótunar í starfsmenntamálum

Fyrirlesarar:

Ari Kristinn Jónsson,

rektor Háskólans í Reykjavík

Almar Guðmundsson,

framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Pallborðsumræður um stöðu og framtíð námsefnis með þátttöku kennara úr ýmsum faggreinum

Ráðstefnustjóri:

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir,

skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti og stjórnarformaður Iðnmenntar

Skráning á skrifstofu Iðnmenntar, í síma 517-7200 eða á netfanginu heidar@idnu.is.

IÐNMENNT
IÐN-, TÆKNI- OG STARFSMENNTUN

Tvö tilfelli riðuveiki sögð hrein tilviljun

Riðuveiki greindist á tveimur bæjum með stuttu millibili, fimm árum eftir að riðu varð vart síðast. Tilviljun og engar frekari ályktanir er hægt að draga af þessu, segir sérgreinadýralæknir. Hverju tilfelli fylgir mikill kostnaður og persónulegt áfall.

LANDBÚNAÐUR Ekkert annað en tilviljun ræður því að tvö tilfelli af riðuveiki hafa komið upp á stuttum tíma – annað á búi í Skagafirði og hitt á bæ á Norðvesturlandi. Þetta eru fyrstu tilfelli hefðbundinnar riðu sem greinist á landinu frá árinu 2010.

Auður L. Arnþórsdóttir, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun, segir aðspurð að langt sé á milli þeirra býla sem um ræðir og engin tengsl þar á milli. Tilvikin séu þess utan ólík.

Hugsanlegar smitleiðir geta verið margar. Stutt er síðan riðu varð vart í Skagafirði, og þar sem féð gengur saman á afrétti er erfitt að segja til um hvenær smitið hefur orðið. „Það getur verið langt síðan – fyrir mörgum árum. Það er mjög erfitt að rekja hvaðan smitið kemur og þess vegna erfitt að eiga við þetta,“ segir Auður en á Íslandi eru 26 fjárhólf. Í Skagahólfi hefur riðuveiki komið upp á átta búum á undanförunum 15 árum en í Valagerði hefur veikin ekki greinst áður. Aðeins á fjórum svæðum hefur riða, og aðrir búfjársjúkdómar í sauðfé, aldrei greinst og eiga þau það sameiginlegt að vera afskekkt. Aðeins þaðan er flutningur líflamba leyfður á milli svæða.

Undantekningarlaust er allur fjárstofn þar sem smit kemur upp skorinn. Í Fréttablaðinu á miðvikudaginn greindi Birgir Hauksson, bóndi í Valagerði, frá því að niðurstaðan væri honum og hans fólki mikið áfall. Hann þarf að farga þremur hundruðum fjár en á Neðra-Vatnshorni er um 500 dýr að ræða.

Auður segir að ríkið standi straum af fjárhagslegum kostnaði vegna riðuveikinnar, enda er stofninn skorinn samkvæmt fyrirskipan ráðherra að fengnum tilmælum



Í RÉTTUM Tilraunir til að útrýma riðuveiki á Íslandi hafa kostað ríkið stórfé og valdið fjölda manns miklu hugarangri.

TILVIKIN GREINDUST MEÐ GERÓLÍKUM HÆTTI

Riðan greindist í tveimur kindum frá bænum Neðra-Vatnshorni í Húnaþingi vestra, í sýnum sem voru tekin samkvæmt skimunaráætlun Matvælastofnunar við slátrun síðastliðið haust. Ekki hafði orðið vart neinna sjúkdómseinkenna.

Bóndinn í Valagerði í Skagafirði fékk nýlega grun um riðuveiki í þremur ám og hafði samband við dýralækni. Kindunum var lógað og sýni send til Tilraunastöðvar Háskóla Íslands á Keldum, sem staðfesti nokkrum dögum síðar að um hefðbundna riðuveiki væri að ræða.



AUÐUR L. ARNÞÓRSDÓTTIR

Matvælastofnunar. „Bóndinn fær bættan þann stofn sem skorinn er niður og kostnað við þrif, sóttthreinsun og förgun. Þetta eru mjög kostnaðarsam-

ar aðgerðir fyrir ríkið, og á við-

komandi bæ skal vera fjárlaust í tvö til þrjú ár,“ segir Auður. Hún bætir við að ferlið sé flókið og tímafrekt. Reglan er að dýrin eru ekki aflífuð fyrr en samningaferlinu er lokið. „En það er ekki hægt að draga það lengi, og gæta verður að velferð dýranna. Sérstaklega í þessum tilfellum þar sem um er að ræða ær og mjög stýttist í sauðburð,“ segir Auður.

svavar@frettabladid.is

Regluleg laun hækkuðu um 6,0 prósent milli áranna 2013 og 2014:

Stjórnendur hækkuðu minnst

EFNAHAGSMÁL Árshækkun launa milli fjórða ársfjórðungs 2013 og 2014 var 6,7 prósent að meðaltali að því er fram kemur í nýbirtum tölum Hagstofu Íslands.

„Hækkunin var 6,0 prósent á almennum vinnumarkaði og 8,4 prósent hjá opinberum starfsmönnum,“ segir í umfjöllun Hagstofunnar. Laun ríkisstarfsmanna hafi hækkað um 6,8 prósent og 10,3 hjá sveitarfélögum.

Milli 2013 og 2014 hafi regluleg laun hækkað um 6,0 prósent að meðaltali. „Starfsmenn á almennum vinnumarkaði hækkuðu um 5,8 prósent, ríkisstarfsmenn um 6,2 prósent og starfsmenn

sveitarfélaga um 6,5.“ Hækkun launa eftir starfsstéttum er sögð hafa verið á bilinu 5,2 til 7,0 prósent, mest hjá þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki, en minnst hjá stjórnendum.

Eftir atvinnugeirum var hækkun milli ára 7,4 prósent í byggingarstarfsemi, 6,8 prósent í samgöngum, 6,1 í fjármálaþjónustu, 6,0 í verslun og 4,6 prósent í iðnaði.

– óká

STEYPUVINNA Laun í byggingarstarfsemi hækkuðu um 7,4 prósent milli 2013 og 2014.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



EGGJANDI PÁSKATILBOÐ

LJÚFT ER Í FAÐM AÐ FLJÚGA

FLUGFELAG.IS



SMELLTU ÞÉR Á FLUGFELAG.IS
SLÁÐU INN FLUGSLÁTTINN VIÐ BÓKUN: **PASKAR**

FERÐATÍMABIL:
27. MARS – 15. APRÍL
BÓKUNARTÍMABIL:
9. – 11. MARS

- Gildir aðra leið með sköttum
- Aðeins bókanlegt á netinu
- Gildir ekki fyrir tengiflug
- Gildir eingöngu um fríðinda- og ferðasæti



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Fjögur flóð á hverjum degi:
Enn töluverð
hætta á flóðum

VEDUR 41 snjóflóð hefur fallið síðustu tíu daga samkvæmt Vedurstofunni. 20 þeirra hafa fallið á Vestfjörðum og 15 sitt hvorum megin við Eyjafjörðinn; á Tröllaskaga og í Grýtubakkahreppi. Töluverð hætta er á snjóflóðum á þessum svæðum. Snjóflóðahætta samkvæmt svæðisspá þarf þó ekki að fela í sér hættu á snjóflóðum í byggð á viðkomandi svæði. Víða hefur verið skafrenningur til fjalla og varúðar skal gætt þar sem snjór hefur safnast.

- sa

PFS heimilar Íslandspósti að loka pósthúsum í Vík og á Kirkjubæjarklaustri:

Bréfberi sinnir nú þjónustunni

PÓSTUR Póstbíll kemur til með að sinna þjónustu við íbúa á afgreiðslusvæðum Íslandspósts við Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri.

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur samþykkt beiðnir Póstsins um heimild til að loka póstaðsgreiðslum á þessum stöðum.

Mat PFS er að

þjónustan sem Íslandspóstur ætlar að veita í stað póstaðsgreiðslu fullnægi gæðakröfum laga um pósthjónustu, sem og þeim skyldum sem hvíla á fyrirtækinu sem alþjónustuveitanda.

„Engin breyting er boðuð af hálfu Íslandspósts varðandi útbúð póstsendinga á svæðinu. Breytingin felst eingöngu í þeim þætti starfseminnar er

varðar móttöku sendinga á sérstökum afgreiðslustað,“ segir í umfjöllun PFS.

„Bréfberi/bílstjóri mun nú taka á móti póstsendingum frá íbúum og fyrirtækjum á þessum stöðum með sama hætti og hann hefur gert hjá íbúum utan þéttbýlis um áraraðir.“

Bent er á að íbúar geti hringt í bréfbera/bílstjóra og pantað þjónustu á viðverutíma starfsmannsins, auk þess sem póstkassi verði á báðum stöðum.

- óká

Bíll endaði á hvolfi í kaldri á:

Móðir lést en barn bjargaðist

BANDARÍKIN Átján mánaða stúlka slapp með skrekkin þegar bíll sem móðir hennar og hún voru í fór út af vegi og valt ofan í ískalda á í Utah í Bandaríkjunum. Þrettán klukkustundir liðu þangað til hún fannst og þá var móðirin látin. Þjörgunarlið velti bílnum á hliðina og fannst þá stúlkubarnið í aftursætinu, en móðirin var látin í framsætinu.

Stúlkan var samstundis send á spítala. Hún var í hættu en ástand hennar þó stöðugt.

- jhh

Tækifæri í mars



SIEMENS - Þvottavél
WM 14K267DN

Tekur mest 7 kg.
Vindur upp í 1400 sn./mín.

Tækifærisverð:
99.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 118.400 kr.)



SIEMENS - Þurrkari
WT 46B267DN

Gufuþétting, enginn barki.
Hraðkerfi 40 mín.
Krumpuvörn í lok kerfis.

Tækifærisverð:
92.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 109.900 kr.)



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



BEÐIN UM AÐ ÞEGJA María Þorleif Hreiðarsdóttir varð fyrir kynferðisofbeldi á vernduðum vinnustað. Hún segir fyrst nú farið að taka þessi mál alvarlega.

Fatlaðir líklegri polendur kynferðislegs ofbeldis:

Fatlaðir í meiri hættu

SAMFÉLAGSMÁL Fatlaðar konur eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi en nokkur annar samfélagshópur samkvæmt tölum frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur. Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar, segist óttast að minnkandi kröfur um fagmennsku í þjónustu við fatlaða kunni að auka á vandann.

María Þorleif Hreiðarsdóttir segir fyrst nú farið að taka þessi mál alvarlega. Hún varð fyrir kynferðisofbeldi þegar hún starfaði á vernduðum vinnustað í Kópavogi fyrir rúmum 20 árum. Málið var aldrei kært til lögreglu. Hún segir að sér hafi verið uppálagt að treysta manninum sem var um sextugt og starfaði sem leiðbeinandi á staðnum. Hún hafi orðið afar hrædd og hraðað sér heim án þess að stimpla sig út. Maðurinn hafi síðar gengið á

hana og beðið hana um að þegja yfir reynslu sinni.

Bryndís Snæbjörnsdóttir segir lítinn skilning á ofbeldi gegn fötl-uðum konum innan réttarkerfisins. Málum hafi verið vísað frá dómi þar sem þroskaskertar konur þyki ekki nógu trúverðugar og eigi erfitt með að muna tímasetningar. Það sé hins vegar ekki metið, að þær eigi erfiðara með að spinna upp sögur. Þroskahjálpar er nú í samstarfi við innanríkisráðuneytið og dómstóla um málið.

Bryndís segir mikilvægt að aðgreina ekki fatlaða frá öðrum heldur tryggja eðlilega blöndun fatlaðra og ófatlaðra. Þá þurfi að fræða starfsfólk og fatlaða um áhrif kynferðisofbeldis og efla vald fatlaðra og ábyrgð á eigin lífi.

- þká / sa

www.volkswagen.is



Vinsælasti atvinnubíll á Íslandi síðastliðin ár!



Caddy með nýju sniði

Caddy City er enn einfaldari og hagkvæmari útfærsla af Volkswagen Caddy, sniðin að þörfum þeirra sem vilja traustan vinnufélaga til að létta sér lífið við dagleg störf. City er viðbót í sendibílalínu Volkswagen Caddy.

Volkswagen Caddy hefur árum saman verið mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi. Með tilkomu City er enn auðveldara að bætast í hóp hæstánægðra Volkswagen eigenda.

Caddy City kostar aðeins frá
2.630.000 kr.
(2.120.968 kr. án vsk)



Atvinnubílar

Söluaðilar: HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Kynntu þér stórglæsilegan Ford Mondeo.



NÝR FORD MONDEO

- Ef þú ert að leita að rúmgóðum bíl með framúrskarandi aksturseiginleika, sem jafnframt unun er að horfa á, þá er Ford Mondeo bíllinn.

Stórglæsilegur bíll sem rúmar alla fjölskylduna ásamt öllum farangrinum sem henni fylgir. Ný fjöðrun skilar enn betri aksturseguleikum og hljóðlátara innra rými.

Veldu á milli 5 dyra eða station. Einnig fáanlegur fjórhjóladrifinn (AWD).

FORD MONDEO

FRÁ **3.990.000** KR.

Komdu og prófaðu



ford.is



Brimborg Reykjavík	Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6	Tryggvabraut 5
Sími 515 7000	Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Mondeo 5 dyra, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,1 l/100 km. CO2 losun 119 g/km.

Ford Mondeo 5 dyra, EcoBoost bensín 160 hö. Sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,3 l/100 km. CO2 losun 146 g/km.

Ford Mondeo 5 dyra, TDCi dísil 150/180 hö. Sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,8 l/100 km. CO2 losun 125 g/km.

Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Neytendur yfirfari uppgjör: Leiðréttingin í takt við lögin

NEYTENDUR Neytendastofa hefur óskað eftir því að Ríkisskattstjóri fari yfir framkvæmd leiðréttinga á lánum hjá fjármálafyrirtækjum. Borist hafa ábendingar frá neytendum sem telja fyrirtæk-in fara á svig við lög um leiðréttingu lána og ráðstöfun séreignarsparnaðar. Neytendur eru hvattir til að yfirfara uppgjör leiðréttinga og greiðsluseðla vegna séreignarsparnaðar og kanna hvort tekin hafi verið gjöld í tengslum við leiðréttingu fasteignalána.

- sa

Manuel Valls, forsætisráðherra Frakka, varar við þeirri nýju ógn sem steðjar að vegna Íslamska ríkisins: Þúsundir ganga í lið með öfgamönnum

FRAKKLAND Manuel Valls, forsætisráðherra Frakka, óttast að áður en árið er á enda verði yfir 10 þúsund Evrópubúar farnir til Sýrlands og Íraks til þess að ganga öfgaöflum á hönd. Reynist grunur hans réttur mun fjöldi þeirra sem nú er þar þrefaldast.

„Í dag eru 3.000 Evrópubúar í Írak og Sýrlandi. Ef maður spáir um komandi mánuði, gætu orðið þar 5.000 í sumar og 10 þúsund í árslok,“ segir Valls í samtali við frönsku sjónvarpsstöðina iTele.

Frakkland, Danmörk og Belgía eru á meðal þeirra ríkja sem hafa séð á eftir flestum borgurum sínum fara til Sýrlands og Íraks til að ganga Íslamska ríkinu á hönd.

Í síðasta mánuði sviptu frönsk stjórnvöld sex borgara þar í landi vegabréfum og bannaði meira en 40 manns að ferðast til Íraks og Sýrlands af ótta við að þeir myndu ganga til liðs við Íslamska ríkið. „Það er ný ógn sem steðjar að okkur í Frakklandi, Evrópu og víðar,“ segir Valls.

- jhh



VÍGAMENN ÍSLAMSKA RÍKIS-
INS Fjöldi Evrópubúa hefur gengið Íslamska ríkinu á hönd.

NORDICPHOTOS/AFP

Genuine Parts®



20%
AFSLÁTTUR
BREMSUVÖRUR OG
BREMSUVINNA VIÐ
HEKLUBÍLA

BREMSAÐU AF ÖRYGGI

Renndu við hjá **HEKLU** við Laugaveg og við skiptum um bremsuklossa/bremsudiska á meðan þú bíður.

Hjá **HEKLU** er óparfi að panta tíma fyrir smærri viðgerðir. Ef þú vilt ekki bíða skilur þú bílinn eftir hjá okkur og við skutlum þér þangað sem þú vilt fara – og sækjum þig aftur!



Laugavegi 170-174 · Sími 590 5000 · hekla.is



ÁR LIÐIÐ Sumir ástvina farþega telja enn möguleika á að einhverjir þeirra séu líf-andi.

NORDICPHOTOS/AFP

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir fundaröðinni **BORGIN – HEIMKYNNI OKKAR** um þróun og mótun borgarinnar með Hjálmarí Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs.

Hvaða máli skiptir náttúran í borgarumhverfi?

Er Reykjavík borg náttúrunnar? Eru opnu svæðin í Reykjavík of víðfeðm, of mörg eða of fá? Getur náttúru-upplifun átt sér stað í húsaötu? Getur borg þrífist án náttúru? Hvernig náttúru viljum við í borginni? Þarf að vernda náttúru í borg?

Náttúran í borginni og borgin í náttúrunni eru til umfjöllunar í fundaröðinni Borgin – Heimkynni okkar, sem umhverfis- og skipulagssvið stendur fyrir með Hjálmarí Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs, um þróun og mótun Reykjavíkurborgar.

Fundurinn er þriðjudaginn 10. mars 2015 kl. 20.00 á Kjarvalsstöðum.

Gestir fundarins eru Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt, Sigrún Birgisdóttir, arkitekt og deildarforseti hönnunar- og arkitektúrdeildar LHÍ og Snorri Sigurðsson, doktor í líffræði hjá skrifstofu náttúru og garða hjá Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg fékk náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2014.

Allir eru velkomnir – kaffi á könnunni.



Hjálmar Sveinsson



Dagný Bjarnadóttir



Sigrún Birgisdóttir



Snorri Sigurðsson



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Ástvinir halda enn í vonina

Ár er liðið frá því malasíska flugvélin MH370 hvarf. Aðstandendur farþega gagnrýna rannsóknarskýrslu um hvarfið. Þeir vona enn að einhverjir séu á lífi.

Þess var minnst í gær að ár var liðið frá því að malasíska flugvélin MH370 hvarf þegar hún var á leið frá Kúala Lúmpúr til Peking. Vélin, eða brak hennar, hefur ekki enn fundist. Stjórnvöld í Malasíu og Ástralíu segja að allt kapp verði lagt á að finna það.

Mikil reiði ríkir hjá aðstandendum þeirra sem fórust með vélinni. Bráðabirgðaskýrsla hefur verið gefin út um slysið. Þeir segja að engar nýjar vísbendingar séu í skýrslunni um það hvað gerðist.

Í skýrslunni má finna mikið af tæknilegum upplýsingum um vélina, viðhald á henni, bakgrunn áhafnarinnar og hvernig eftirliti flugmálafirvalda með vélinni var háttað. Í skýrslunni eru upplýsingar um að rafhlaða í svarta kassanum hafi verið ónýt sem gæti hafa haft áhrif þegar fyrst var byrjað að leita vélarinnar. Þar eru hins vegar engar haldbærar skýringar á því hvert vélina gæti hafa farið eða hvað hafi orðið um hana.

Sara Bajc missti unnusta sinn, Philip Wood, í slysinu. Hún segir að skýrslan sé gagnslaus og gagnrýnir að rannsakendur hafi einungis tekið skýrslu af 120 manns. „Það er færri fólk en í litlu og lítt

→ Í skýrslunni má finna mikið af tæknilegum upplýsingum um vélina, viðhald á henni, bakgrunn áhafnarinnar og hvernig eftirliti flugmálafirvalda með vélinni var háttað.

fjármögnuðu einkarannsókninni okkar,“ er haft eftir Bajc á fréttavef BBC. Fleiri aðstandendur hafa sagt að rannsóknin sé gagnslaus.

Stjórnvöld í Malasíu telja að líklegasta skýringin á hvarfi vélarinnar sé sú að hún hafi hrapað í suðurhluta Indlandshafs. Þar er hennar enn leitað. En BBC segir að fjölskyldur hinna látnu trúu ekki þessum kenningum vegna fálmkennndra viðbragða þeirra fyrst eftir hvarf vélarinnar. Sú staðreynd að hlutar af braki vélarinnar hafa ekki fundist hafa valdið því að ættingjar halda enn í þá von að í það minnsta einhverjir af hinum 239 farþegum hafi lifað af.

jonhakon@frettabladid.is

Skreið út á ísilagða tjörn:
Bjargaði hundi frá drukknun

BJÖRGUN Haraldur Gústafsson, hunda eigandi austur á Héraði, sýndi snarræði þegar hann bjargaði labradorhundi úr Lagarfljóti í gær. Haraldur var á gangi með hundinn sinn um hádegi í gær og sleppti honum lausum. Hundurinn hljóp út á ís á fljótinu. „Hann fer aðeins of langt og dettur niður í gegnum ísinn.“ Hundurinn reyndi fyrst að synda og að ná taki á ísnum til að bjarga sér sjálfur, en tókst ekki og fékk því hjálp frá Haraldi.

- lb

Ráðherra segir hugsanlega rétt að ríkið taki ekki á sig alla áhættu við uppbyggingu flugvallarins:
Einkaaðilar komi að uppbyggingu í Keflavík

VIÐSKIPTI Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, ætlar að skoða hvort heppilegt sé að einkaaðilar komi að milljarða tuga uppbyggingu sem framundan er á Keflavíkurflugvelli. Unnin hefur verið uppbyggingar- og þróunaráætlun til næstu 25 ára.

„Það er nú þegar farinn af stað áfangi sem er upp á meira en 20 milljarða og það er líka fyrirséð miðað við þær áætlanir sem eru í kortunum að þá þurfi í beinu

framhaldi að fara í annan ef ekki stærri áfanga,“ segir Bjarni Benediktsson varðandi uppbygginguna framundan.

„Ég er ekki síst að horfa til þess að það kann að vera heppilegt að ríkið taki ekki á sig alla þá áhættu sem fylgir því að fara í tugmilljarða viðbótarfjárfestingar á Keflavíkurflugvelli og það er ekki rökbundin nauðsyn að ríkið eigi hvern einasta fermetra í flughlöðum og tengibyggingum sem einkaaðilar hafa sýnt áhuga

á að fjármagna og jafnvel eiga og reka,“ segir hann.

Bjarni telur að það séu síðan aðrir þættir sem þurfi að skoða. „Til dæmis það hvort ríkið eigi að vera rekstraraðili að komuversluninni, eða hvort það eigi einfaldlega að bjóða slíka þætti út,“ segir Bjarni. Það sé vilji til þess að skoða þetta, meðal annars í þeim tilgangi að losa um fjármagn og auka viðskipta-frelsi.

- jhh



Á IÐNPINGI Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra var á meðal gesta á Iðnpingi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



BETRI STAÐA Nýtingarhlutfallið var 88,5 prósent hjá WOW í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Staða flugfélaga batnar enn:
Næstum 90% nýting sæta

VIÐSKIPTI Sætanýting hjá íslensku flugfélögunum Icelandair og WOW air hefur aldrei verið jafn góð í febrúar eins og í nýliðnum mánuði, eftir því sem fram kemur á vefnum Túristi.is.

Hjá Icelandair voru 77,7 prósent sætanna nýtt, en hlutfallið var 4,5 prósentum minna í febrúar í fyrra. Hjá WOW air var hlutfallið 88,5 og hefur það aldrei verið hærra í þessum mánuði.

Betri sætanýting var hjá WOW air á seinni hluta síðasta árs en því fyrra. Á fyrri helmingi voru að meðaltali 76 prósent sætanna bókuð en á seinni hluta ársins var nýtingin 91 prósent.

- skó



MISKUNARLAUS Böðullinn sér ekki eftir gjörðum sínum.

Böðull Íslamska ríkisins:
Bað fjölskyldu sína afsökunar

Mohammed Emwazi, sem flestir þekkja sem Jihadi John, böðul Íslamska ríkisins, hefur beðið fjölskyldu sína afsökunar á að hafa valdið henni skömm.

Hann sér þó ekki eftir því að hafa myrt gísla Íslamska ríkisins. Hann er sagður hafa komið skilaðum frá Sýrlandi til fjölskyldu sinnar, sem hefur farið í felur.

Á vef Independent segir að Emwazi hafi beðist afsökunar á þeim „vandamálu“ sem fylgt hafa opinberun hans sem böðuls ISIS.

Washington Post var fyrst til að segja frá því að Emwazi væri Jihadi John, í lok febrúar.

- skó

● erfðir fíknar

FÍKN

OPINN FRÆÐSLUFUNDUR

mánudaginn 9. mars kl. 17:00 - 18:30

í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE), Sturlugötu 8

kaffiveitingar frá 16:30

Erindi flytja:

Pórarinn Tyrfingsson
læknir, SÁÁ

Porgeir Porgeirsson
erfðafræðingur, ÍE

Kári Stefánsson
læknir og erfðafræðingur, ÍE

Þetta er fjórði fræðslufundurinn sem Íslensk erfðagreining heldur í vetur um sjúkdóma og rannsóknir.

Á vefnum okkar getur þú fengið nánari upplýsingar um rannsóknir, skoðað upptökur frá fyrri fræðslufundum og skráð þig á póstlista til að fá tilkynningar um atburði.

decode.is/fundir

ÍSLENSK
ERFDAGREINING

í samstarfi við SÁÁ

SAMTÖK ÁHUGAFÓLK
UM ÁFENGIS- OG
VÍMUENAVANDANN

Konur munu ekki sitja aðgerðarlausar hjá:

Úrræðaleysið

Aldarfjórðungur er nú liðinn frá stofnun Stígamóta og rúmlega 7.000 einstaklingar hafa leitað til samtakanna á þessum tíma. Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Samtökin eru grásrótarsamtök sem berjast gegn kynferðisofbeldi og veita aðstoð fyrir fólk sem hefur verið beitt kynferðisofbeldi.

Á síðasta ári leituðu 618 einstaklingar til samtakanna. Af þeim voru 280 sem leituðu sér aðstoðar í fyrsta skipti og 57 aðstandendur sóttu sér aðstoð. Á bak við þessa rúmlega 7.000 einstaklinga sem hafa leitað sér aðstoðar samtakanna liggja rúmlega 10.000 gerendur.

Fanney Birna Jónsdóttir

„Helstu áskoranirnar í dag eru að kynferðisbrotamál komast ekki í gegnum réttarkerfið,“ sagði Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, í samtali við Fréttablaðið. Þegar tölfraði heimsóknna til Stígamóta er skoðuð nánar kemur í ljós að mála-flokkarnir nauðgun, nauðgunartilraun og sífjaspell spanna um 67 prósent þeirra. Þar af voru 13,2 prósent málanna kærð til lögreglu og því vildu 79,7 prósent ekki leggja fram kærú. Þannig eru líkurnar á því að komast upp með þessi brot um 80 prósent. Guðrún sagði að ástæðan að baki flestum ákvörðunum um að leggja ekki fram kærú væri skömm og sektarkennd. Þolendum liði eins og þeir hefðu verið á vitlausum stað, með vitlausu fólk, á vitlausum tíma og í vitlausu ástandi.

Um helgina birti mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar bæklinginn Kynlegar tölur í tilefni af þessum baráttudegi kvenna. Þar kemur meðal annars fram að af ellefu morðum sem framin hafa verið hér á landi frá árinu 2003 megi rekja um 60 prósent þeirra til heimilisofbeldis.

Í einni umtöluðustu bók síðasta árs, Kötur, frá rithöfundinum Steinari Braga Guðmundssyni segir aðalsöguhetjan: „Mannréttindi eins og þau eru skilin í dag miða að þörfum og áherslum helmings mannkyns: karla. Þeir tala um frelsi, réttlæti og bræðralag en á þessu veisluborði hugmyndanna njótum við konur bara brauðmolanna sem falla í gólfið. Meðan okkur er nauðgað, við erum drepnar, seldar mansali í milljónatali, barðar og sligaðar af körlum og niðurlægðar svo aftur með við-bragðsleysi samfélagsins, þá höfnum við þessum karlmiðuðu hugmyndum. Þangað til við sitjum öll við sama borð og réttindum er jafnt útteilt setjum við fram okkar eigin áherslur: Vernd, refsingu og systralag.“ Félagsslegu skilaboðin í bókinni eru skýr. Ef kerfið bregst nánast undantekningarlaust mun einstaklingurinn á endanum taka til sinna ráða.

Tíðni ofbeldis gegn konum – hvort sem um er að ræða kynferðisbrot eða morð – er skammarleg. Úrræðaleysi samfélagsins við að takast á við málaflökkinn er jafn skammarlegt. Stígamót og önnur grásrótarsamtök hafa alltof lengi verið í hlutverki hrópandans í eyðimörkinni – án þess að samfélagið hafi brugðist við. Við þurfum vitundarvakningu til að losna við þessa óværu og leita allra mögulegra leiða til að útrýma þeirri staðreynd að ákveðinn hópur sé í hættu og njóti ekki full-nægjandi verndar í samfélaginu. Vegna þess að ofbeldi gegn konum er faraldur. Og konur munu ekki sitja aðgerðarlausar hjá endalaust.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFEÐAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Til hvers að flækja hlutina?

LIFÐU Í NÚLLINU!

Þú færð GSM áskrift, internet og heimasíma fyrir 0 krónur með völdum sjónvarpsspökkum 365.

0 kr.

4 GSM áskriftir 60 mín. og 60 SMS*

0 kr.

Internet 20 GB

0 kr.

Heimasími 100 mín.**

365

365.is Sími 1817

*60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift. **Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki á flóttu undan einum
Sigríður Björk Guðjónsdóttir er lög-reglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Sem slíkur er hún embættismaður í starfi hjá skattgreiðendum þessa lands. Hún getur hins vegar ekki talað við skattgreiðendur nema að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Svo ákveðnum að þau eru bundin við það að einn fjölmiðlamaður tali við hana; Björn Ingi Hrafnsson. Embættismaðurinn Sigríður Björk er í þeirri stöðu að Persónuvernd hefur sagt hana brjóta lög. Sjálf segist hún ekki hafa gert það, nema hún getur ekki sagt það við alla fjölmiðla. Í gær sagðist hún aldrei undir nokkrum kringum-stæðum myndu ræða við fréttastofu Stöðvar



2, svo dæmi sé tekið. Sigríður virðist ekki skilja að samtal fréttamanns og viðmælanda er ekki kaffispjall tveggja einstaklinga, fjölmiðlamaðurinn er milliliður fyrir lesendur og áhorfendur.

Samt smá á flóttu

Sigríður sagðist ekki vera á flóttu undan fjölmiðlum, þó leitun sé að manneskju sem hefur hundsáð fjölmiðla af jafn miklum móð og hún síðustu daga. Hún hefur greinilega bara svona ákveðnar skoðanir á því hvað séu fjölmiðlar, sem virðist bundið við Björn Inga Hrafnsson. Gott væri ef

Sigríður Björk áttaði sig á því að hreinskiptni og heiðarleiki er eini valkostur



hennar í stöðunni. Hreinskiptni gagnvart öllum, ekki bara þeim sem manni þóknast.

Svara beðið

Garðar St. Ólafsson, lögmaður lög-reglumanns sem lá undir grun í LÖKE-málinu svokallaða, skrifar athyglisvert bréf á Kjarnann í gær. Þar spyr hann Björn Inga Hrafnsson, eiganda DV og Pressunnar, út í frétttaflutning miðlanna af málinu, eða öllu heldur skort á frétttaflutningi eftir að fallið var frá ákæru. Þar setur hann fram kenningar um umrædda þögn, reyndar með þeim hvímeiða hætti að

þykjast ekki trúa kenningunum en setja þær samt fram. Nú verður athyglisvert að sjá hverju Björn Ingi svarar.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Framkvæmdaáætlunin frá Peking 20 ára

JAFNRÉTTI



Eygló Harðardóttir félags- og hús-næðismálaráðherra

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna er haldinn hátíðlegur 8. mars ár hvert. Dagurinn á sér sögu allt aftur til ársins 1910 en um 1970 fékk dagurinn viðurkenningu Sameinuðu þjóðanna og síðan hafa kvennahreyfingin, verkalýðsfélög, stjórnvöld og alþjóðastofnanir sameinast um að nýta daginn málaflökknum til framdráttar.

Sameinuðu þjóðirnar fagna 70 ára afmæli á þessu ári. Fram kemur í inngangsorðum sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, sem öðlast gildi þann 24. október 1945, að meðal meginmarkmiða þeirra sé jafnrétti kvenna og karla. Meðal þeirra 160 aðila sem undirrituðu sáttmálann voru einungis 4 konur og endurspeglar það fæð kvenna í opinberu lífi. Að sama skapi hafði heimsbyggðin enga vitneskju um raunverulega stöðu kvenna fyrr en að Sameinuðu þjóðirnar réðust, í aðdraganda kvennaráttugarins 1975–1985, í það verkefni að meta stöðu kvenna í hverju ríki fyrir sig. Í ljós kom að stór hluti kvenna bjó við réttindaleysi, fátækt og ofbeldi. Í dag eru konur enn í meirihluta þeirra sem lifa við skort á efnislegum gæðum og takmarkað aðgengi að áhrifastöðum á sviði stjórn- og efnahagsmála.

➔ Í dag eru konur enn í meirihluta þeirra sem lifa við skort á efnislegum gæðum.

segir hann stefnt að því að frumsýna í Tjarnarbíói þann fyrsta maí næstkomandi. „Þetta er svo mikil ráðgáta og dásamlegur texti. Þetta er eins og að vera inni í ljóði. Svo skemmtilega torskilið og djúpt en fyndið og skemmtilegt í senn. Beckett er hreint út sagt engum líkur og það er alveg ótrúlega gaman að vinna með þennan texta.“

Leikstjóri uppfærslunnar er Kristín Jóhannesdóttir og á meðal annarra aðstandenda auk Þórs eru Þorsteinn Bachmann og Harpa Arnardóttir. „Við erum búin að hrinda af stað söfnun á Karolína Fund til að standa straum af kostnaði við sýninguna og biðlum til landsmanna um hjálp við að láta drauminn rætast.“

- mg



ENDATAFL
Þór Tulinius og Þorsteinn Bachmann í leikhópnum Svipir stefna að frumsýningu með vorinu.

KÖL

KITCHEN • BAR

NÝR SPENNANDI MATSEÐILL

Brot af því besta:

NAUTA TATAKI

Nautatataki, chili, kóriander, kex

TÚNA

Kolaður túnfiskur, bonito-gljái beikon, sítrónugrassmajó, kex

NÆTURSALTADUR ÞORSKHNAKKI

Grillað toppkál, blaðlaukur, quinoa, beurre blanc

HVÍTSÚKKULAÐI OSTAKAKA

Ástaraldin, bakað hvítt súkkulaði, kókosís

Borðapantanir í síma 517 7474 eða info@kolrestaurant.is

SKÓLAVÖRDUSTÍGUR 40 · 101 REYKJAVÍK · [KOLRESTAURANT.IS](http://kolrestaurant.is)

BILLY ELLIOT Sláandi hjarta sýningarinnar er Billy sjálfur og það er sko sjón að sjá.

Prekvirki í íslenskri sviðslist

LEIKHÚS ★★★★★

Billy Elliot

Borgarleikhúsið í samstarfi við Baltasar Kormák
HANDRIT LEE HALL
TÓNLIST ELTON JOHN
LEIKSTJÓRN BERGUR ÞÓR INGÓLFSSON
ÞÝÐING KARL ÁGÚST ÚLFSSON
LEIKARAR SÖLVI VIGGÓSSON DÝRFJÖRD, JÓHANN SIGURÐARSON, HALLDÓRA GEIRHARSDÓTTIR, SÍGRÚN EDDA BJÖRNSDÓTTIR, HILMIR JENSSON, HILMAR GUÐJÓNSSON, GRETTIR VALSSON, JÓHANNA VIGDÍS ARNARDÓTTIR O.FL.
LEIKMYND PETR HLOUSEK
BÚNINGAR HELGA I. STEFÁNSDÓTTIR
TÓNLISTARSTJÓRN AGNAR MÁR MAGNÚSSON
LÝSING ÞÓRÐUR ORRI PÉTURSSON

Eftir mikla leit að sjálfum Billy, stöðugar æfingar frá síðasta sumri og gríðarlega spennumögnun er loksins búið að frumsýna söngleikinn Billy Elliot í Borgarleikhúsinu. Prekvirki af þessu tagi er sjaldséð í íslenskri sviðslist og ekki þarf að leita lengra en í leikskrána til að sjá þann mikla mannfjölda sem kemur að sýningunni.

Sagan er sjálfsagt mörgum þekkt en söngleikurinn Billy Elliot er byggður á margrómaðri bíómynd með sama nafni sem kom út fyrir tæpum fimmtán árum. Handritshöfundur myndarinnar, Lee Hall, og leikstjóri hennar, Stephen Daldry, ákváðu að sagan um unga drenginn frá námuporpinu í Durham með langsóttan draum um að verða ballettdansari ætti heima á sviði. Elton John tók að sér að skrifa tónlistina fyrir verkið en Hall sjálfur sá um handritið og söngtextana. Áratugur er liðinn frá frumsýningu söngleiksins í London og gengur sýningin enn átta sinn-um í viku fyrir troðfullu húsi.

Bergur Þór Ingólfsson ræðst þannig alls ekki á garðinn þar sem hann er lægstur en sú vinna sem hann og allir þeir sem standa að sýningunni hafa lagt í verkið er gjörsamlega þess virði. Sýningin er algjörlega mögnuð upplifun; kraftmikill og tilfinningaríkur söngleikur með firnasterkum leikhóp þar sem Billy sjálfur er fremstur í flokki.

Sölvi Viggósson Dýrfjörð fór með hlutverk Billys á frumsýningu en orð fá varla lýst hversu magnaður þessi ungi dregur er í sýningunni. Ef frammistaða hans er formsmekkurinn að hæfileikum þeirra Baldvins og Hjartar, sem leika einnig Billy, þá eiga áhorfendur eitthvað stórkostlegt í vændum. Það er unun að fylgjast með honum takast á við burðarhlutverk af þessu tagi og forréttindi að sjá fjölhæfni hans blómstra. Hann leikur og syngur af mikilli list en það eru dansatriðin sem eru algjörlega sér á parti og þá sérstaklega ballettsenurnar. Áhorfendur fylgjast með honum vaxa og dafna í gegnum sýninguna, eitt spor í einu, og taka andköf þegar þeir gera sér grein fyrir hversu langt Sölvi/Billy hefur náð.

Pabbi Billys, Jackie Elliot, er leikinn af Jóhanni Sigurðarsyni en hann er maður sem reynir að gera sitt allra besta við ómögulegar aðstæður en hreinlega kann ekki að vera einstæður faðir. Umkomuleysi, sársauki og örvænting lita tilvist þessa manns en Jóhann er algjörlega tilvalinn í þetta hlutverk, svo ekki sé nú minnst á hversu vel söngróddin hans passar við hlutverkið. Lagið sem hann syngur til látinnar konu sinnar nístir hjartastrengina, húnorinn er samt sem áður aldrei langt undan en heimsókn þeirra feðga í ballettskólann er bráðöfndin.

Halldóra Geirharðsdóttir leikur keðjureykjandi danskennarann Mrs. Wilkinson sem stýrir litla ballettnámskeiðinu sínu með harðri hendi, þeirri sem heldur ekki á sígarettunni. Ég hef lengi sagt að hún sé ein hæfileikaríkasta leikkona Íslands og hún sannar það í þessu hlutverki með frábærum dansatriðum í bland við þrusugóðan leik.

Hinn ungi Grettir Valsson hreinlega stal senunni í sínu stóra dansatriði þar sem Michael, vinur Billys, klæðir þá félagu upp í kjóla en senan endar í gríðarlega skemmtilegu uppbroti sem best er segja sem minnst frá. Eiginlega er ómögulegt að telja upp alla þá einstaklinga sem ber að nefna þegar kemur að sýningunni en auk þeirra fyrrnefndu er vert að minnast á Sigrúnu Eddu í kostulegu

hlutverki ömmunnar með elliglöpin og Hilmi Jensson í hlutverki Tonys, eldri bróður Billys, en hann leysir það bráðvel.

Þýðing Karls Ágústs á textanum sem og lögunum heppnast með ágætum en stundum vottar fyrir of formlegu talmáli. Kynjapólitíkin í verkinu er einnig örlítið gamaldags þar sem flestar kvenpersónurnar hafa í raun lítið að gera nema styðja karlpeninginn fyrir utan frú Wilkinson sem ýtir Billy á rétta braut. Einnig má benda á þá einföldu mynd sem dregin er upp af samkynhneigð í verkinu en þessi upptalning er kannski smámunasemi.

Sviðsmynd Petr Hlousek er einstaklega vel úthugsuð og ekki takmörkuð af hringsviðinu einu saman eins og svo oft sést á íslenskum leiksviðum. Hver fermetri Stóra sviðsins er nýttur; námumennirnir hverfa ofan í jörðina, heill ballettskóli birtist ofan úr loftinu og litla þorpið í Norður-Englandi birtist ljóslifandi frá margvíslegum sjónarhornum. Aftur á móti er Bergur Þór ekki banginn við að tæma sviðið algjörlega bæði í stórum senum sem og smáum, sérlega eftirminnilegt er atriði á milli Sólva og Karls Friðriks sem leikur Billy síðar á lífsleiðinni.

Bergur Þór leikstýrir þessum risastóra hópi eins og áður sagði en hann hefur firnasterk tök á bæði fagurfræði og framsetningu með góðri aðstoð frá Helgu I. sem sér um búningana, sterkri tónlistarstjórn Agnars Más og feikiflottri lýsingu Þórs Orra.

Billy Elliot er ekkert annað en stórvirki. Hópsenurnar blandast oft virkilega skemmtilega saman þar sem smáar ballerínur, óeirðalögreglan og námumennirnir þeysast um sviðið án þess að glundroðinn taki öll völd. En sláandi hjarta sýningarinnar er Billy sjálfur og það er sko sjón að sjá. Deila má um hvort sýningin sé gallalaus en aftur á móti er ekki hægt annað en að dást að þeim gríðarlega metnaði, elju og krafti sem settur er í verkið.


Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Metnaðarfullt stórvirki. Leiklistarviðburður sem enginn má láta framhjá sér fara.

PEUGEOT 308

MARGVERÐLAUNAÐ LJÓN Á VEGINUM

CO₂ 82g - ELDSNEYTISEYÐSLA 3,1L/100km*



NÚ FÁANLEGUR MEÐ
**5 ÁRA
ÁBYRGÐ**

PEUGEOT 308

kostar frá kr. **3.390.000**

PEUGEOT 308 ACTIVE 1.6 Blue eHDI 82g
120 hestöfl, 300Nm, kostar kr. 3.790.000



Þó Peugeot 308 hafi hlotið fjölda verðlauna eins og Bíll ársins í Evrópu 2014 og Bíll ársins á Íslandi 2015, þá er meira sem telur og sker Peugeot 308 frá samkeppninni. Ómótstæðilegir aksturseiginleikar, vélar sem valdar hafa verið Vélar ársins** 8 ár í röð, eldsneytiseyðsla frá 3,1L/100km og CO₂ útblástur frá 82g/km eru eiginleikar sem einfaldlega erfitt er að keppa við. Svo er hann fánlegur með 5 ára ábyrgð. Komdu og prófaðu Peugeot 308, bíl sem á sér ekki jafningja.

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagördum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



Þú finnur okkur á
Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

HOLLARI SKÓLAJÓGÚRT

SYKURMINNI
og
TREFJARÍKARI

HREIN

Skólajógúrt er nú **sykurminni** og uppfyllir viðmið Skráargatsins um sykurmagn í jógúrt. Jógúrtin er afar **kalkrík**, inniheldur **trefjar** og fæst í fjórum bragðtegundum.

Hrein Skólajógúrt er góður valkostur fyrir þá sem vilja **engan viðbættan sykur**. Hana má bragðbæta með t.d. ávöxtum eða musli.

Veldu það sem hentar fjölskyldu þinni.



Hrafnhild nærri Íslandsmeti

FRJÁLSAR Hrafnhild Eir R. Hermóðsdóttir, hlaupakona úr ÍR, var nálægt því að slá Íslandsmet sitt í 60 metra hlaupi á EM í frjálsum íþróttum innanhúss í Prag um helgina. Hrafnhild kom í mark á 7,52 sekúndum en Íslandsmetið sem hún setti á Meistaramóti Íslands í byrjun febrúar er 7,50 sekúndur.

Prátt fyrir gott hlaup endaði Hrafnhild í sjöunda og síðasta sæti í sínum riðli í undanrásunum. Dafne Schippers frá Hollandi kom fyrst í mark á 7,07 sekúndum.

Liðsfélagi Hrafnhildar úr ÍR, Einar Daði Lárusson, varð að draga sig út úr keppni í sjöbraut vegna veikinda. Einar, sem var einn af þeim fimmtán sem voru skráðir til leiks í sjöbrautinni, veiktist fyrstu nóttina eftir komuna til Prag og gat af þeim sökum ekki verið með í keppninni.



- ips

Tekst Wenger loks að vinna van Gaal?

FÓTBOLTI Klukkan 19:45 í kvöld leiða sigursælustu lið í sögu ensku bikarkeppninnar, Manchester United og Arsenal, saman hesta sína á Old Trafford. Arsenal er ríkjandi bikarmeistari en Skytturnar fögnuðu sínum ellefta bikarmeistaratitli eftir 3-2 sigur á Hull City í úrslitaleik á síðasta vor. Það var fyrsti titill Arsenal frá árinu 2005.

Líkt og fyrir tíu árum er Arsene Wenger við stjórnvöllinn hjá Arsenal en það er nýr maður í brúnni hjá Manchester United, Louis van Gaal, sem statar af þeim árangri að hafa unnið titil á sínu fyrsta tímabili hjá

öllum þeim félagsliðum sem hann hefur stýrt.

Wenger og Van Gaal eru elstu knattspyrnustjórnarnir í ensku úrvalsdeildinni en leikurinn á morgun verður sá fimmti milli liða Wengers og van Gaals en sá fyrrnefndi á enn eftir að vinna Hollendinginn.

Peir mættust fyrst í riðlakeppni Meistaradeildarinnar 1999 þegar van Gaal stýrði Barcelona. Liðin gerðu 1-1 jafntefli á Nývangi en Börsungar unnu seinni leikinn 2-4. Manchester United hafði svo betur gegn Wensal, 1-2, í leik liðanna í úrvalsdeildinni í nóvember á síðasta ári.



REYNSLAN Van Gaal og Wenger mætast í fjórða sinn í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

DOMINOS KARLA

KR - ÞÓR PORLÁKSHÖFN 120-78 (52-31)
Stig **KR**: Michael Craion 30/19 fráköst/6 stoðsendingar, Darri Hilmarsson 17, Björn Kristjánsson 17/11 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 12, Þórir Guðmundur Þorbjarnarson 10, Illugi Steingrímsson 9, Finnur Atli Magnússon 6, I. Magni Hafsteinsson 6, Helgi Már Magnússon 6/6 stoðsendingar, Þorgeir Kristinn Blöndal 5, Vilhjálmur Kári Jensson 2.

Stig **Pórs**: Grétar Ingí Erlendsson 18/9 fráköst, Oddur Ólafsson, Tómas Heiðar Tómasson 10/6 fráköst/5 stoðsendingar, Emil Karel Einarsson 10, Darrin Govens 8, Baldur Þór Ragnarsson 6, Nemanja Sovic 4, Þorsteinn Már Ragnarsson 4, Davíð Arnar Ágústsson 3, Halldór Garðar Hermannsson 2, Sveinn H. Gunnarsson 1.

GRINDAVÍK - FJÖLNIR 89-75 (39-40)
Stig **Grindavíkur**: Rodney Alexander 30/11 fráköst, Oddur Rúnar Kristjánsson 16, Ólafur Ólafsson 15/7 fráköst, Jón Axel Guðmundsdóttir 14/8 fráköst/10 stoðsendingar, Daniel Guðni Guðmundsson 8, Ómar Örn Sævarsson 6/12 fráköst.

Stig **Fjölnis**: Jonathan Mitchell 35/12 fráköst, Davíð Ingí Bustion 12/9 fráköst, Róbert Sigurðsson 7/10 stoðsendingar, Sindri Már Kárason 6/7 fráköst, Danero Thomas 5, Emil Þór Jóhannsson 4, Valur Sigurðsson 4, Garðar Sveinbjörnsson 2. Valgarðsdóttir 23

Leik Tindastóls og Hauka var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.

OLÍS-DEILD KARLA

AKUREYRI - VALUR 20-26 (11-12)
Akureyri - Mörk (skot): Heiðar Þór Aðalsteins-son 7/2 (9/2), Kristján Orri Jóhannsson 4 (6), Nicklas Selvig 3 (12), Bergvin Þór Gíslason 2 (2), Þrándur Gíslason 1 (1), Heimir Örn Árnason 1 (2), Ingimundur Ingimundarson 1 (3), Halldór Logi Árnason 1 (3), Sigþór Heimisson (1).

Varin skot: Hreiðar Levý Guðmundsson 6/1 (19/2, 32%), Tomas Olason 3 (16/1, 19%).

Valur - Mörk (skot): Guðmundur Hólmur Helgason 8 (12), Geir Guðmundsson 5 (9), Kári Kristján Kristjánsson 4/2 (5/2), Vignir Stefánsson 4 (6), Finnur Ingí Stefánsson 4 (8/1), Atli Már Báruson 1 (2), Ómar Ingí Magnússon (1), Alexander Örn Júlíusson (1).

Varin skot: Hlynur Morthens 10 (28/2, 36%), Stephen Nielsen 2 (4, 50%).

OLÍS-DEILD KVENNA

STJARNAN - HAUKAR 20-21 (12-16)
Markahæstar: Helena Rut Örvarsdóttir 4, Sólveig Lára Kjærnested 3, Stefanía Theodórsdóttir 3, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3, Nataly Sæunn Valencia 3, Þórhildur Gunnarsdóttir 3 - Marija Gedroit 10, Ragnheiður Ragnarsdóttir 4, Karen Helga Díónudóttir 2, Gunnhildur Pétursdóttir 2.

ÍBV - KA/PÓR 23-15 (10-6)
Markahæstar: Vera Lopes 7, Kristrún Ósk Hlynisdóttir 5, Elín Anna Baldursdóttir 4, Ester Óskarsdóttir 3 - Paula Chirila 4, Þórunn Eva Sigurbjörnsdóttir 3, Arna Valgerður Erlingsdóttir 2, Birta Fönn Sveinsdóttir 2, Arna Kristín Einarsdóttir 2.

GRÓTTA - FH 19-13 (7-7)
Markahæstar: Karólína Bæhrenz Lárudóttir 5, Lovísa Thompson 5, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4 - Ingibjörg Pálmadóttir 4, Aníta Mjöll Ægisdóttir 2, Heiðís Rún Guðmundsdóttir 2.

HK - SELFÖSS 25-25 (10-10)
Markahæstar: Þórhildur Braga Þórðardóttir 8, Sóley Ívarsdóttir 4, Gerður Arinbjarnar 4 - Carmen Palamariu 8, Perla Ruth Albertsdóttir 4, Elena Birgisdóttir 4.

FYLKIR - VALUR 22-28 (14-15)
Markahæstar: Patrícia Szölösi 5, Vera Pálsdóttir 4, Sigrún Birna Arnardóttir 4 - Kristín Guðmundsdóttir 10, Íris Ásta Pétursdóttir 5, Bryndís Elín Wöhler 5.

ÍR - FRAM 19-33
Leikskýrsla barst ekki frá ÍR

Stig liða: Gróttá 36, Fram 32, Stjarnan 32, Haukar 28, ÍBV 24, Valur 22, Fylkir 20, Selfoss 16, HK 15, FH 9, KA/Þór 5, ÍR 1.

Er að nálgast þær bestu

Aníta Hinriksdóttir lenti í 5. sæti í 800 metra hlaupi á EM í frjálsum íþróttum í Prag. Hún kom í mark á tímanum 2:02,74 mínútum. Aníta er reynslunni ríkari og segist mæta sterkari til leiks á næstu stórmótum.

FRJÁLSAR Aníta Hinriksdóttir, hlaupakona úr ÍR, hafnaði í 5. sæti í 800 metra hlaupi á Evrópumeistaramótinu í frjálsum íþróttum innanhúss sem fram fór í Prag um helgina. Aníta, sem varð 19 ára fyrr á þessu ári, var yngst þeirra fimm sem hlupu til úrslita í gær. Selina Büchel frá Sviss bar sigur úr bytjum í hlaupinu en hún kom í mark á tímanum 2:01,95 sekúndum, fjórum hundradshlutum úr sekúndu á undan Yekaterinu Poistogovu frá Rússlandi.

Markmiðið var að komast í úrslit

„Ég veit það ekki alveg,“ sagði Aníta í samtali við Fréttablaðið í gær, aðspurð hvað henni fyndist um úrslitahlaupið.

„Aðalmarkmiðið var komast í úrslit og ég er ánægð að hafa náð því. Maður verður að reyna sig gegn þeim bestu á stórmótum og ég er alveg að komast í þennan klassa. Allar stelpurnar í úrslitunum eru sterkar og jafnar og það gat allt gerst,“ bætti Aníta við.

Aníta segir að reynslan frá EM í Prag muni nýtast vel í framtíðinni: „Ég er ánægð með mótið í heild sinni og þetta var skemmtileg reynsla. Ég verð með meira sjálfstraust á næsta móti.“

Aníta náði forystu í úrslitahlaupinu á fyrsta hring en gaf aðeins eftir á lokasprenntinum og endaði að lokum í fimmta og neðsta sæti. Aníta kom í mark á 2:02,74 mínútum en Íslandsmetið, sem hún setti í undanrásunum á föstudaginn, er 2:01,56 mínútur. Sá tími var sá næstbesti sem náðist á EM í Prag, en sú eina sem náði betri tíma var áðurnefnd Poistogova, bronsverðlaunahafi frá síðustu Ólympíuleikum.

Poistogova var í sama riðli og Aníta í undanrásunum en sú rússneska kom í mark á tímanum 2:01,44, tólf hundradshlutum úr sekúndu á undan Anítu. Þær mættust svo aftur í úrslitunum.

Endasprennturinn skiptir öllu

Hlaup sem þessi eru oftar en ekki mjög taktísk, þar sem keppendur



Á SPRETTI Aníta Hinriksdóttir var með næstbesta tímann í bæði undanrásunum og undanúrslitunum í 800 metra hlaupi. FRÉT-

reyna að stjórna hraðanum þannig að þeir eigi nóg eftir á tankinum fyrir endasprenntinn.

„Það gerist mest á síðustu 70 metrunum og ég hélt ekki alveg fókus undir lokin,“ sagði Aníta og bætti því við að á þessum tímapunkti á ferli hennar væri sú taktik að keyra upp hraðann sú öruggasta.

Önnur hlaupakona sem er þekkt fyrir að keyra upp hraðann og taka frumkvæði er hin breska Jenny Meadows sem vann til gullverðlauna á EM innanhúss árið 2011. Meadows var í sama riðli og Aníta í undanúrslitunum og kom fjórða í mark á tímanum 2:02,40, nfu hundradshlutum úr sekúndu á eftir Anítu sem endaði í þriðja sæti.

Staðan breyttist hins vegar eftir að undanúrslitunum lauk. Fyrst var hin rússneska Anastasiya Bazdyreva dæmd úr leik fyrir að stíga út af hlaupabraut-

inni þegar hún tók fram úr Anítu á lokasprenntinum. Sjálf sagðist Aníta ekki hafa tekið eftir því í hita augnabliksins og atvikið hafi ekki truflað hana neitt.

Bretar kærdi niðurstöðuna og Bazdyreva var í kjölfarið dæmd úr leik. Aníta færðist því upp í annað sætið og Meadows upp í það þriðja og komst þar með í úrslitin. En stuttu fyrir úrslitahlaupið dró sig Meadows út úr keppni vegna veikinda. Þetta breytta landslag hafði áhrif á það hvernig Aníta nálgadist hlaupið.

„Hún vill keyra upp hraðann og það hefði verið þægilegt að hanga fyrir aftan hana,“ sagði Aníta sem á eftir að vinna meira í taktíkinni á næstu mánuðum. En hvað tekur nú við hjá þessari efnilegu hlaupakonu sem nálgast toppinn óðfluga?

„Nú ætla ég að hvíla mig aðeins og síðan taka við æfingabúðir fyrir sumarið,“ sagði Aníta að lokum.

ingvithor@365.is

➔ Besti árangur Íslendinga á EM í frjálsum innanhúss

GULLVERÐLAUN 1977
Hreinn Halldórsson - kúluvarp

GULLVERÐLAUN 1996
Vala Flosadóttir - stangarstökk

BRONSVERÐLAUN 1994
Pétur Guðmundsson - kúluvarp

BRONSVERÐLAUN 1996
Jón Arnar Magnússon - sjöbraut

BRONSVERÐLAUN 1998
Vala Flosadóttir - stangarstökk

4. sæti 2000 Vala Flosadóttir - stangarstökk

4. sæti 2002 Jón Arnar Magnússon - sjöbraut

5. sæti 1992 Pétur Guðmundsson - kúluvarp

5. sæti 1998 Jón Arnar Magnússon - sjöbraut

5. sæti 2015 Aníta Hinriksdóttir - 800 metra hlaup

6. sæti 1974 Ágúst Ásgeirsson - 1500 metra hlaup

6. sæti 1981 Hreinn Halldórsson - kúluvarp

Sigurganga HK rofin

KA og Afturelding sigurvegarar helgarinnar í blaki.

BLAK KA og Afturelding urðu bikarmeistarar í blaki um helgina, en bikarhelgi Blaksambands Íslands fór þá fram í Laugardalshöllinni. KA vann HK, sem átti titil að verja, en KA vann viðureignina 3-1 (26-24, 25-23, 21-25, 25-21).

HK vann bikarinn 2013 og 2014 og hefði fengið hann til eignar með sigri í ár. KA-menn voru hins vegar á öðru máli, spiluðu virkilega vel í úrslitaleiknum og tryggðu sér sinn sjötta bikarmeistaratitil.

Líkt og í karlaflokki hafði HK unnið bikarinn tvö síðustu ár hjá

konunum og hefði með sigri í ár fengið hann til eignar.

Afturelding hefur hins vegar farið á kostum kvennamegin í vetur og ekki tapað leik. Þær eru nýkrýndir deildarmeistarar og tóku lið HK í bakarið í Höllinni í gær. HK sá aldrei til sólar og Mosfellingar unnu viðureignina 3-0. Hrinurnar fóru 25-15, 25-15 og 25-17.

Þetta var annar bikarmeistaratitillinn sem Afturelding vinnur í sögu félagsins en sá fyrri kom í hús árið 2012, á fyrsta ári Mosfellinga í úrvalsdeild.

- ail



BIKARINN Á LOFT KA lagði ríkjandi bikarmeistara HK að velli í úrslitaleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vertu tilbúin fyrir.....

SUMARIÐ 2015

2015 árgerðin af hjólhýsum frá Hobby og Adria

Komdu og upplifðu framtíðina í hjólhýsum og byrjaðu að hlakka til næsta sumars.

Að sjálfsögðu tökum við gamla vagninn upp í nýjan.

Opið laugardaga og sunnudaga
frá klukkan 12 til 16.

★★★★★
GÆÐI - GLÆSILEIKI - GOTT VERÐ

Hobby



VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS

ENSKI BIKARINN

BRADFORD CITY - READING	0-0
Liðin þurfa að mætast aftur.	
LIVERPOOL - BLACKBURN	0-0
Liðin þurfa að mætast aftur.	
ASTON VILLA - WEST BROM	2-0
1-0 Fabian Delph (51.), 2-0 Scott Sinclair (85.).	

Manchester United og Arsenal mætast á Old Trafford klukkan 19:45 í kvöld í síðasta leik átta liða úrslitanna. Dregið verður í undanúrslitin eftir leikinn.



LANGPRÁÐUR ÁFANGI Aston Villa bar sigurorð af nágrönnnum sínum í West Brom, 2-0, á Villa Park á laugardaginn og tryggði sér sæti þar með sæti í undanúrslitum bikarkeppinnar í fyrsta sinn síðan 2010. Stuðningsmenn liðsins ruddust inn á völlinn eftir að flautað var til leiksloka og fögnuðu sínum mönnum ákaft. Fyrirliðinn Fabian Delph var meðal annars bitinn í fagnaðarlátunum. Í gær báðust forráðamenn Aston Villa afsökunar á athæfi stuðningsmanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Var með stjórnur í augunum árið 2010

Dagný Brynjarsdóttir lék sinn fyrsta landsleik fyrir fimm árum gegn Bandaríkjunum sem er einmitt næsti mótherji Íslands á Algarve-mótinu í Portúgal. Íslensku stelpurnar hafa tapað báðum leikjunum til þessa.

FÓTBOLTI „Já, ég man mjög vel eftir honum,“ sagði knattspyrnukonan Dagný Brynjarsdóttir í samtali við Fréttablaðið um helgina, aðspurð hvort hún muni eftir fyrsta A-landsleiknum sem hún spilaði.

Rétt rúm fimm ár eru síðan Dagný þreytti frumraun sína með landsliðinu en fyrsti leikurinn var gegn stórliði Bandaríkjanna á Algarve-mótinu í Portúgal.

Þá var Dagný 18 ára og með stjórnur í augunum. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá. Í dag er Dagný 23 ára, leikmaður Bayern München og leikur sinn 51. landsleik þegar Ísland mætir Bandaríkjunum á Algarve-mótinu á morgun.

„Ég byrjaði inni á og viðurkenni að ég var frekar stressuð og með stjórnur í augunum að mæta þessum stelpum. Það verður aðeins öðruvísi að mæta þeim á morgun,“ sagði Dagný um fyrsta landsleikinn en man hún hvernig henni gekk í honum?

„Örugglega skítsæmilega, miðað við fyrsta leik. Ekkert frábærlega og ekkert illa heldur,“ sagði hún en Ísland tapaði leiknum 2-0, þar sem bæði mörkin komu á þriggja mínútna kafla í seinni hálfleik.

Það fyrra var sjálfsmark en Lauren Chaney skoraði seinna markið. Ísland átti þó góða möguleika á að fá eitthvað út úr leiknum en hinn þekkti markvörður Bandaríkjanna, Hope Solo, varði tvær vítaspurnur frá íslenska liðinu.

Dagný spilaði í fjögur ár með liði Florida State í bandaríska

háskólaboltanum við góðan orðstír. Fjórdða og síðasta árið hennar í Florida State var draumi líkast en þá varð liðið bandarískur háskóla-meistari, í fyrsta sinn í sögu skólans. Dagný var fyrirliði Florida State og var valin í lið ársins í háskólaboltanum. Hún kannast við nokkra leikmenn bandaríska liðsins frá skólaárunum vestanhafs.

„Það eru fjórar sem ég spilaði á móti og stelpan sem er á miðjunni hjá þeim, Morgan Brian, var valinn besti leikmaður háskólaboltans þegar ég var valin næstbest. Ég gleymi því ekkert hvað hún heitir,“ sagði Dagný og hló við en þær Brian áttust þrisvar við á síðustu fjórum mánuðum Dagnýjar í skólanum.

Fyrir utan stelpurnar sem Dagný spilaði gegn í háskólaboltanum er bandaríska liðið frekar gamalt, en tólf af þeim 25 sem skipa leikmannahópinn á Algarve eru fæddar 1985 eða seinna. Til að mynda verður fyrirliði Bandaríkjanna, miðvörðurinn Christie Rampone, fertug á árinu en hún hefur spilað yfir 300 landsleiki.

Bandaríkin taka Algarve-mótið mjög alvarlega en liðið var saman í 90 daga fyrir mótið. Það verður því við ramman reip að draga hjá íslenska liðinu á morgun en það tapaði fyrstu tveimur leikjum sínum á mótinu.

„Auðvitað reikna allir með bandarískum sigri, en ef við spilum vel getum við alveg náð góðum úrslitum,“ sagði Dagný að lokum.

ingvithor@365.is



ÖFLUG Dagný lék landsleik númer fimm-tíu gegn Noregi á föstudaginn.

MYND/ISI

GÓÐAR FERMINGARGJAFIR
Sem nýtast vel og endast lengi

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/öða myndabrengl.



NIKE FREE 5.0
Hlaupaskór sem bæði styrkja og vernda fætur. Margir litir. Herra- og dömustærðir.

VERÐ FRÁ
19.990



POLAR LOOP ÚR
Heldur utan um alla hreyfingu allan sólarhringinn, alla daga vikunnar. Litir: Svart, fjólublátt, blátt.

Tilvalin
fermingargjöf
24.690

MCKINLEY CAVANNA
50L bakpoki með góðum mjaðma- og axlarólum. Hægt er að renna litlum dagspoka af. Rennt hólf fyrir axlarólur. Stillanlegt bak. **Fæst aðeins á Bildshöfða.**



MCKINLEY TREKKER
Vandaðir gönguskór úr leðri með VIBRAM sóla. Dömu- og herrastærðir. Dökkbrúnir.

Tilvalin
fermingargjöf
24.690

HAGLÖFS TURA 35
Léttur 35L bakpoki með festing fyrir skiði og snjóbretti. **Fæst aðeins á Bildshöfða.**



INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®



„Takk elsku Edda mín fyrir að gefa okkur endalausán hlátur og gleði!...
Eddan var algjört æði!“
Vala matt

„Mæli með Eddunni í Gamla bíói! Frábær skemmtun“
Felix Bergsson

„Mæli með vatnsheldum maskara á þessari sýningu! Allir á Edduna!“
Björk Eiðsdóttir

NÆSTU SÝNINGAR	19. FEB. UPPSELT	13. MAR. UPPSELT
	20. FEB. örfá sæti laus	13. MAR. Miðnætursýn.
	01. MAR. örfá sæti laus	
	11. MAR. laus sæti	

MÚSLIMARNIR OKKAR

Stöð 2 kl. 19.20

Ótti virðist hafa grafið um sig í íslensku samfélagi í garð mús-
lima sem hér búa. Til að kyn-
ast þessum hópi fór Lóa Pind
Aldísardóttir ásamt tökuliði og
kynntist fjórum ólíkum mús-
limafjölskyldum á Íslandi og
fylgdi þeim eftir í heilan dag,
forvitnaðist um skoðanir
þeirra, trúarlíf og lífshlaup.



Í KVÖLD



THE NEW GIRL

STÖÐ 2 KL. 20.55 Fjórða þáttaröðin um Jess og sambylinga hennar. Jess er söm við sig, en sambylingar hennar og vinir eru smám saman að átta sig á þessarri undarlegu stúlkunni, sem hefur nú öðlast vináttu þeirra allra. Með aðalhlutverk fer Zoöey Deschanel, Jake Johnson og Damon Wayans Jr.



SUITS

STÖÐ 2 KL. 21.20 Fjórða þáttaröðin um hinn eitursnjalla Mike Ross, sem áður fyrr hafði lífíbrauð sitt af því að taka margvísleg próf fyrir fólk gegn greiðslu. Lögfræðingurinn harðsvíraði, Harvey Specter, kemur auga á kosti kauða og úttegar honum vinnu á lögfræðistofunni.



TRANSPARENT

STÖÐ 2 KL. 22.10 Frábærir þættir um fjölskyldu í Los Angeles þar sem allir fjölskyldumeðlimir eiga við vandamál að stríða og passa vel upp á sitt einkalíf. Það breytist skyndilega þegar höfuð fjöl- skyldunnar kemur með tilkynningu sem kemur öllum í opna skjöldu og áður en langt um líður eru öll leyndarmál komin upp á yfirborðið.

X977 kl 07.00

Morgunþátt-
urinn Ómar

Ómar kemur þér inn í vikuna með góðu rokki og skemmti-
legu spjalli.





1. LEBOWSKI
Ostborgari ^{150g} **990 kr.**
Með frönskum og gosi 1450 kr.

2. WALTER
Beikonborgari ^{150g} **1290 kr.**
Með frönskum og gosi 1750 kr.

3. DONNY
Bernaiseborgari ^{150g} **1290 kr.**
Með frönskum og gosi 1750 kr.

4. THE OTHER LEBOWSKI
Steikarborgari ^{150g} **1590 kr.**
Búinn til úr nautalund.
Með frönskum, bernaise og gosi 2090 kr.

5. BUNNY LEBOWSKI
Kjúklingaborgari **1290 kr.**
Með gráðastasósu og BBQ sósu.
Með frönskum og gosi 1750 kr.

6. HONEY BOO
Beikonborgari ^{150g} **1290 kr.**
Hunangsgljáð beikon, BBQ sósa og japanskt mæjónes.
Með frönskum og gosi 1750 kr.

7. THE NIHILISTS
Kjúklingavængir 10stk. **1390 kr.**
Gráðastasósa og BBQ sósa.

Laugavegi 20a 101 Reykjavík
552-2300 lebowskibar.is





STÖÐ 2

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
08.05 The Wonder Years
08.30 2 Broke Girls
08.50 Bad Teacher
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.15 Heilsugengið
10.40 Höfðingjar heim að sækja
11.00 Mistresses
11.45 Falcon Crest
12.35 Nágrannar
13.00 The X-Factor US
13.45 The X-Factor US
15.10 ET Weekend
16.00 Loonatics Unleashed
16.20 Raising Hope
16.45 Guys with Kids
17.08 Bold and the Beautiful
17.31 Nágrannar
17.55 Simpson-fjölskyldan
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag.
19.11 Veður
19.20 Lóa Pind. Múslimarnir okkar
20.35 The Goldbergs
20.55 The New Girl
21.20 Suits
22.10 Transparent
22.35 Vice
23.20 Daily Show. Global Edition
23.45 Looking
00.15 Modern Family
00.35 The Big Bang Theory
01.00 Gotham
01.45 Last Week Tonight with John Oliver
02.15 Weeds
02.40 Dirty Movie
04.10 Your Sister's Sister
05.40 The New Girl
06.05 Fréttir og Ísland í dag



SPORT

- 07.00** San Antonio - Chicago
08.40 Liverpool - Blackpool
13.05 Samantekt og spjall
13.40 Aston Villa - WBA
15.20 Meistaradeild Evrópu - fréttar-
þáttur
15.45 Athletic Bilbao - Real Madrid
17.25 San Antonio - Chicago
19.05 Spænsku mörkin 14/15
19.35 Man. Utd. - Arsenal Bein út-
sending
21.45 Liverpool - Blackpool
23.25 ÍR - Skallagrímur
00.55 Man. Utd. - Arsenal



SPORT 2

- 11.45** Premier League World 2014
12.15 Burnley - Swansea
13.55 WBA - Southampton
15.40 Stoke - Hull
17.25 Liverpool - Man. City
19.05 Premier League Review
2014/2015
20.00 Football League Show 2014/15
20.30 Man. Utd. - Sunderland
22.10 Arsenal - Everton
23.55 Newcastle - Aston Villa



- 20.00** Frumkvöðlar **20.30** Panorama
21.00 Fyrirtækjaheimsókir **21.30** Stormað

ÚTVARP

- FM 88,5** XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1



STÖÐ 3

- 17.05** Wipeout
17.45 Flight of the Conchords
18.10 One Born Every Minute - UK
19.00 The Amazing Race
20.05 Saving Grace
20.55 The Finder
21.35 Vampire Diaries
22.20 Pretty little liars
23.05 Southland
23.45 The Amazing Race
00.55 Saving Grace
01.40 The Finder
02.20 Vampire Diaries

Krakkastöðin

- 07.00** Brunabílarnir **07.22** Kalli á þakinu **07.47** Ævintýraferðin **08.00** Strumparnir **08.25** Skógardýrið Húgó **08.47** Tommi og Jenni **08.53** Sumardalsmyllan **09.00** Könnuðurinn Dóra **09.24** Mörgæsinar frá Madagaskar **09.45** Doddi litli og Eyrnastór **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.24** Svampur Sveinsson **10.45** Latibær **10.55** UKI **11.00** Brunabílarnir **11.22** Kalli á þakinu **11.47** Ævintýraferðin **12.00** Strumparnir **12.25** Skógardýrið **12.47** Tommi og Jenni **12.53** Sumardalsmyllan **13.00** Könnuðurinn Dóra **13.24** Mörgæsinar frá Madagaskar **13.45** Doddi litli og Eyrnastór **13.55** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.24** Svampur Sveinsson **14.45** Latibær **14.55** UKI **15.00** Brunabílarnir **15.22** Kalli á þakinu **15.47** Ævintýraferðin **16.00** Strumparnir **16.25** Skógardýrið Húgó **16.47** Tommi og Jenni **16.53** Sumardalsmyllan **17.00** Könnuðurinn Dóra **17.24** Mörgæsinar frá Madagaskar **17.45** Doddi litli og Eyrnastór **17.55** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Áfram Diego, áfram! **18.24** Svampur Sveinsson **18.45** Latibær **18.55** UKI **19.00** Undraland Ibba **20.25** Sögur fyrir svefninn



GULLSTÖÐIN

- 18.40** Friends
19.05 New Girl
19.25 Modern Family
19.50 Two and a Half Men
20.10 Sjálfstætt fólk
20.40 Eldsnöggð með Jóa Fel
21.10 Sisters
22.00 Game of Thrones
22.50 Boardwalk Empire
23.50 Grimm
00.35 Sjálfstætt fólk
01.05 Eldsnöggð með Jóa Fel
01.35 Sisters
02.20 Game of Thrones
03.10 Boardwalk Empire
04.10 Grimm



BÍÓSTÖÐIN

- 11.50** So Undercover
13.25 Ruby Sparks
15.10 Playing For Keeps
16.55 So Undercover
18.30 Ruby Sparks
20.15 Playing For Keeps
22.00 True Lies
00.20 I, Frankenstein
01.55 Piranha 3D
03.25 True Lies



RÚV

- 16.35** Skólaklíkur
17.20 Tré-Fú Tom
17.42 Um hvað snýst þetta allt?
17.47 Loppulúði, hvar ertu?
18.00 Undraveröld Gúnda
18.15 Tákn málsfréttir
18.25 Landakort
18.30 Leitinn að Billy Elliot
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Saga lífsins – Fjölskyldan
20.50 Saga lífsins – Á tókustað
21.00 Spilaborg
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Viðtalið (Theodore Anderson)
22.45 John Lennon og Bandaríkin
Heimildarmynd um tónlistar- og mann-
réttindagoðsögnina John Lennon og
þann tíma í lífi hans þegar hann sneri
sér frá tónlistinni og gerðist róttækur
friðarsinni.
00.20 Kastljós
00.45 Fréttir
01.00 Dagskrárlok



SKJÁREINN

- 06.00** Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.22 Dr. Phil
09.03 The Talk
09.45 Pepsi MAX tónlist
14.25 Cheers
14.51 Scorpion
15.37 Jane the Virgin
16.20 Judging Amy
17.04 The Good Wife
17.47 Dr. Phil
18.29 The Tonight Show
19.14 The Talk.
19.54 Rules of Engagement
20.15 The Real Housewives of
Orange County
21.00 Hawaii Five-0
21.45 CSI
22.30 The Tonight Show
23.15 Parenthood
00.00 Elementary
00.45 Hawaii Five-0
01.30 CSI
02.15 The Tonight Show



Golfstöðin

- 08.30** World Golf Championship
2015
14.30 Golfing World 2015
15.20 PGA Tour 2015 – Highlights
16.15 Golfing World 2015
17.05 Inside The PGA Tour 2015
17.30 World Golf Championship
2015

HRINGBRAUT

- 11.00** Helgin (e) **11.30** Kvennaráð (e) **12.00** Helgin (e) **12.30** Kvennaráð (e) **13.00** Helgin (e) **13.30** Kvennaráð (e) **14.00** Helgin (e) **14.30** Kvennaráð (e) **17.00** Helgin (e) **17.30** Kvennaráð (e) **18.00** Helgin (e) **18.30** Kvennaráð (e) **19.00** Helgin (e) **19.30** Kvennaráð (e) **20.00** Helgin (e) **20.30** Kvennaráð (e) **21.00** Lífsstíll **21.30** Hringtorg **22.00** Lífsstíll (e) **22.30** Hringtorg (e) **23.00** Lífsstíll (e) **23.30** Hringtorg (e)

FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

Voltaren Gel

Nú í enn STÆRRI pakka!



Verkjastillandi og bólgueyðandi!

Fæst án lyfseðils

Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktívítylamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meisli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglíngum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjósttagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

MÁNUDAGSLAGIÐ



Gott mánudagslag er Mahlalela (Lazy Bones) með Letta Mbulu. Una Björg Magnúsdóttir, listakona.

Jón Gnarr og EYLAND hanna saman bol

Allur ágóði af sölnunni rennur óskiptur til Krabbameinsfélagsins til forvarna fyrir karlmenn og krabbamein.

Jón Gnarr hefur hannað nýja boli í samstarfi við EYLAND og rennur allur ágóði til Krabbameinsfélagsins og forvarna fyrir karla og krabbamein. Myndin Drengurinn með tárið prýðir bolinn og á hann setti Jón skegg Salvadors Dali. „Ég valdi þessa mynd því mér fannst hún sterk og sýna ákveðna hlið á karl-


mennsku, kannski mannlegri hlið en yfirleitt,“ segir Jón. Hann segir það mikinn heiður að vera beðinn um þetta. „Krabbamein er sjúkdómur í minni fjölskyldu og gaman að fá svona tækifæri til að leggja baráttunni lið. Við grátum og finnum til, en höldum samt húmor. Og þannig sigr-

um við,“ segir Jón. „EYLAND gerir eitt verkefni á hverju „seasoni“ sem tengist góðgerðarmálum. Við fengum Jón með okkur því hann er svo frábær og með svo fallega lífssýn,“ segir Ása Ninna Pétursdóttir, eigandi og hönnuður EYLAND. Bolurinn verður seldur í verslunum GK, Suit og á vefversluninni www.eylandworld.com.



FLOTTAR Starfsstúlkur EYLAND hressar í bolunum.

Gerum við allar Apple vörur



iSíminn
Skiopholti 21



PEYSAN GÓÐA Toggi Tempó og Margrét með peysuna góðu á milli sín, sem ber aldurinn býsna vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leyndarmál Tempó-peysanna afhjúpað

Tempópeysurnar voru aðalmálið hjá íslenskum ungmennum fyrir um fimmtíu árum en hvar peysurnar voru keyptar var algert hernaðarleyndarmál.

„Mamma fékk hana þegar hún var fimmtán ára og strákarinn í Tempó upp á sitt besta,“ segir Margrét Auður Jóhannesdóttir, en nýlega kom einkennispeysa hljómsveitarinnar Tempó í leitirnar eftir dágóðan tíma í dvala,“
„Móðir mín, Árný Elsa Þórðardóttir, var mikill aðdáandi bandsins. Hún fékk þessa peysu senda til sín í Heyrnleysingjaskólann fyrir um fimmtíu árum. Hún fór ekki úr peysunni allan þann vetur og rúmlega það,“ segir Margrét og hlær.
Þó svo Árný Elsa sé heyrnarlaus kom það ekki í veg fyrir að hún héldi mikið upp á hljómsveitina. „Hún fór á böllin, upplifði stemninguna, fann taktinn og var skotin í Þorgeiri,“ skýtur Margrét að.

Leynardómurinn afhjúpaður

Þorgeir Ástvaldsson, eða Toggi Tempó eins og hann er gjarnan kallaður, er einn fimm meðlima hljómsveitarinnar. Segist hann hafa setið sem steinrunninn þegar símtalið frá Margréti barst. „Þetta er gamalt hernaðarleyndarmál skólahljómsveitar sem varð heimsfræg á Íslandi á einni nóttu eftir að hafa spilað með Kinks,“ segir hann.
„Upphaf þessarar Tempó-peysutísku má rekja til þess að við strákarnir úr Langholtsskóla vorum á leið á svið og gátum ekki hugsað okkur annað en að vera töff í tauinu. Þarna var rokkið að ryðja sér til



BARNIÐ VEX EN BRÓKIN EKKI Togga Tempó þótti ekki leiðinlegt að endurnýja kynnin við einkennisbúninginn sem hann klæddist fyrir um fimmtíu árum, þá fjórtán ára rokkari.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

rúms svo hefðbundinn klæðnaður var ekki inni í myndinni,“ segir Þorgeir og bætir við: „Við gengum fram á peysurnar í kvenfatabúð sem seldi blússur og efni, keyptum þær á okkur alla fimm. Sögðum ekki sálu frá og fengum starfsfólkið með í þagnarbindindið,“ segir Þorgeir kíminn.
Peysurnar urðu gríðarlega vinsælar meðal unga fólksins og seld-

FÓR EKKI ÚR PEYSUNNI

Árný Elsa í peysunni sinni fyrir tæpum fimmtíu árum, en hún fékk hana senda frá þabba sínum eftir þónokkurt suð.

ust eins og heitar lummur. En þeir þrættu ávallt fyrir að hafa verslað við tæða kvenfatabúð.
„Við sögðumst hafa fengið þetta sent frá Bretlandi,“ útskýrir Þorgeir.

Komið fyrir á Rokksafninu

Peysurnar hafa horfið með tímanum svo stórtíðindum sætir þegar svona gripir poppa upp. Margrét Auður ætlar því að koma peysunni fyrir á Rokksafni Íslands í næstu viku til að halda minningunni á lofti. Þorgeir er að vonum gríðarlega ánægður með framtakið
„Þetta er partur af merkilegri menningarsögu, þegar allt var að breytast hérna heima. Nýbylgja Bítlanna í blússandi gangi, frelsið að aukast og rokkið að ryðja sér til rúms,“ bætir Þorgeir alsæll við í lokin.





Fyrir fólk sem
stækkar og stækkar

NATURE'S REST heilsurúm

Nature's Rest heilsudýna með Classic botni.
Fáanlegt í svörtu og hvítu.
Stærð: 120x200 cm.

Fullt verð: 79.900 kr.



Aðeins **69.900 kr.**

Charlotte & Julien
Dream your world™



C&J SILVER STILLANLEGT

með Shape heilsudýnum

C&J stillanleg rúm:

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótör þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar
- Hljóðlátur mótör

Stillanlegur botn og Shape heilsudýna

Stærð cm	Fullt verð	TILBOÐ
2x80x200	442.300 kr.	369.900 kr.
2x90x200	466.800 kr.	379.990 kr.
2x90x210	487.300 kr.	389.990 kr.
2x100x200	487.300 kr.	389.990 kr.

Stillanlegt og þægilegt



NATURE'S COMFORT heilsurúm

Nature's Comfort heilsu-
dýna með Classic botni.
Stærð: 180x200 cm.

Fullt verð: 164.900 kr.

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar pr. fm²
- Sterkur botn
- Steypar kantstyrkingar



Aðeins **123.675 kr.**



ROMA svefnsofi

Ljósgrátt eða dökkgrátt, slitsterkt áklæði.

B: 200 cm. D: 100 cm. H: 50 cm.
Svefnpláss: 120x200 cm.

Fullt verð: 89.900 kr.

Aðeins **79.900 kr.**

LÚXUS HANDKLÆÐI á ótrúlegu Dorma verði

Lúxus á hverjum degi

Okkar frábæru Grand handklæði eru ofin úr 100% tyrkneskri bómull. Sérstök aðferð við gerð handklæðanna gerir það að verkum að þau þerra einstaklega vel og veita þér þá mykt sem þú átt skilið.

Stærð cm	Gerð	Dorma verð
15x21	Þvottapoki	125 kr.
30x30	Þvottastykki	175 kr.
40x60	Handklæði	475 kr.
50x100	Handklæði	795 kr.
70x140	Handklæði	1.495 kr.
90x170	Handklæði	2.495 kr.

100% tyrknesk lúxusbómull, 500 gsm



Þú finnur
Dormabæklinginn á dorma.is

DORMA

Láttu drauminn rætast

Afgreiðslutími
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100



Póst : dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka

24 TÍMA

Iceland

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tóku selfie með Cash

Fullt var á Johnny Cash tribute-tónleikana í Háskólabíó á laugardagskvöld og gríðarleg stemning. Á tónleikunum komu meðal annarra fram sonur sjálfs Johnny Cash og June Carter, John Carter Cash, en hann var að koma til Íslands í fyrsta sinn. „Þetta var mjög skemmtilegt, frábært fólk og fullt hús. Honum fannst þetta rosalega gaman og það ver vel tekið á móti honum,“ segir **Margrét Eir**, sem kom fram ásamt



Páli Rósinkranz og Valgerði Guðnadóttur. Einhverjir gestir fengu að taka myndir af sér með honum eftir tónleikana, sem hann hafði gaman af og eftir tónleikana skemmti hann sér meðal annars á Mímisbar.

- asi

Rokkuðu fram á rauða nótt

Troðfullt var út úr dyrum á Rósenberg á laugardagskvöld, þar sem leikarinn **Björn Hlynur Haraldsson** hélt upp á fertugsafmælið sitt, en hann varð fertugur í fyrra. Fjölskyldu og vinum Björns var meðal annars boðið upp á humar í upphafi kvölds, en þegar líða tók á kvöldið steig Björn á svið ásamt hljómsveit sinni. Þeir slógu svo sannarlega í gegn þar sem þeir tóku alla helstu rokkslagarana fram á rauða nótt. Meðal annarra gesta voru Stefán Máni rit höfundur, Nína Dögg Filippusdóttir leikona og Filippía Elísdóttir búningahönnuður.



- asi

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Múslimarnir okkar: 4 trúfélög fengið ókeypis lóðir
- 2 Bjargaði hundi úr Lagarfljóti
- 3 Meirihluti morða á Íslandi tengist heimilisofbeldi
- 4 Bað fjölskyldu sína afsökunar
- 5 Nú mega Mývetningar velja eldstöðinni nöfn

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Drottningadagar

Drottning vikunnar

CONTINUITY
(Queen Size 153x203 cm)

Verð áður 293.840 kr. **VERÐ NÚ 176.304 kr.**
Á 40% AFSLÆTTI

the sleep doctor
MICHAEL BREUS PhD

The Dr. Breus Bed®

ARGH11 090315 #4

**ÖLL ÖNNUR RÚM
Í QUEEN SIZE (153X203 cm)
MEÐ 20% AFSLÆTTI**

rekkjan